FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
32. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 7. FEBRÚAR 2017

# Sakaði þann sem er í haldi um nauðgun

**Lögreglan hefur farið yfir sakaferil mannsins sem grunaður er um að hafa banað Birnu Brjánsdóttur. Hann var sýknaður af nauðgun á Grænlandi fyrir fjórum árum. Konan sem kærði manninn þá segir mál Birnu hafa haft afar mikil og slæm áhrif á sig.**

**LÖGREGLUMÁL** Grænlensk kona á þrítugsaldri segir Thomas Møller Olsen, sakborninginn sem grunaður er um að hafa banað Birnu Brjánsdóttur, hafa nauðgað sér árið 2011. Thomas var sýknaður í málinu í héraðsdómi Ilulissat.

Aðspurður hvort lögregla hafi skoðað þetta grænlenska sakamál í rannsókn sinni á máli Birnu Brjánsdóttur segir Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn að þeir hafi skoðað sakaferil mannanna en muni ekki tjá sig nánar um þau mál.

Dánarorsök Birnu, sem fannst látin nærri Selvogsvita 22. janúar, var drukknun að því er fram kom í fréttum Ríkisútvarpsins í gærkvöld. Grímur segist ekki vilja tjá sig um þetta atriði.

Fyrrnefnda konan á Grænlandi, sem vill ekki koma fram undir nafni, segir hvarf Birnu Brjánsdóttur hafa reynst sér afar erfitt. Málið hafi neytt hana til að endurupplifa verknaðinn og vakið upp sárar minningar.

Í samtali við Fréttablaðið rifjar konan upp að árið 2011 hafi hún verið gestur í samkvæmi en farið afsíðis til að ræða við þáverandi kærasta sinn í síma, en sá var ekki staddur í sama bæ og hún.

Á meðan símtalið átti sér stað lagðist konan í rúm í svefnherbergi íbúðarinnar og eftir að samtalinu lauk sofnaði hún.

Konan segist hafa vaknað við að Thomas var að nauðga henni. Hún hafi ekki getað spornað við verknaðinum, annaðhvort verið of svefndrukkin vegna ölvunar eða hreinlega frosið.

Eftir atvikið segist konan hafa grátið sárt og kært málið til lögreglunnar daginn eftir. Lögreglan fór með hana á sjúkrahús þar sem lífsýnum var safnað og henni veitt aðhlynning.

Konan segir að sæði Thomasar hafi fundist í leggöngum hennar en það hafi ekki nægt til sakfellingar þar sem ættingi hans, sem einnig var í samkvæminu, hafi borið fyrir dómstólnum að samfarirnar hafi verið með samþykki beggja.

Mál Birnu hefur að sögn konunnar tekið mikið á hana. Margir, sem þekki til tengsla hennar og Thomasar, hafi haft samband vegna málsins og hún upplifi mikið áreiti.

Konan vill koma því á framfæri að með sögu sinni vilji hún hreinsa borðið en muni ekki tjá sig að neinu öðru leyti um málið eða gefa neinar frekari upplýsingar um þessa lífsreynslu sína. – snæ / sjá síðu 6

### Hefðu mátt sleppa skipverjanum fyrr

Verjandi skipverjans, sem sleppt var að loknu tveggja vikna gæsluvarðhaldi í síðustu viku, telur að lögreglu hafi mátt vera ljóst fyrr að umbjóðandi hans væri saklaus. Maðurinn sat í einangrun í tvær vikur og hafði einungis samskipti við verjanda sinn og fangaverði en heimildir herma að einangrunarvistin hafi reynst manninum einstaklega þungbær. Verjandinn segir manninn hafa reynt eftir fremsta megni að upplýsa málið strax frá upphafi yfirheyrslna.
– snæ / sjá síðu 6



Skútan A var sjósett í upphafi mánaðarins. A hefur verið kölluð stærsta sjófæra skúta í heimi en möstrin ná upp í 143 metra hæð. Á skútunni er sundlaug og íbúðir á átta hæðum. Skipið var smíðað í Kiel fyrir rússneska auðjöfurinn Andrej Melnitjenko sem greiddi jafnvirði 51 milljarðs króna fyrir fleyið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sakar ráðherra um blaður um rannsóknir á lífsýnum

**STJÓRNSÝSLA** Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreinar, segir Sigríði Á. Andersen dómsmálaráðherra ekki fara með rétt mál varðandi hugsanlega aðkomu ÍE að greiningu lífsýna fyrir lögregluna.

Í grein Kára í Fréttablaðinu í dag segist hann tvisvar hafa boðið fram þjónustu ÍE til að rannsaka lífsýni af glæpavettvangi. Hann vitnar til orða dómsmálaráðherra í blaðaviðtali um að samstarf hér á landi í þessum efnum svari ekki kostnaði. Fyrir hendi sé góður samningur við sænskt rannsóknarfyrirtæki. Kári segir ÍE hafa boðist til að annast verkefnið ókeypis.

„Það er því út í hött að halda því fram að kostnaðargreining hafi leitt til þess að boði okkar hafi verið hafnað nema að svo ólíklega vilji til að sænska rannsóknarstofan borgi lögreglunni íslensku fyrir að fá að vinna með sýnin frá henni,“ skrifar Kári sem kveður ráðherra fara með „ábyrgðarlaust blaður“. sjá síðu 11

> Dómsmálaráðherra líður ekki fyrir tunguhaft þegar hún er beðin að tjá sig um málefni sem hún veit lítið sem ekkert um.
>
> Kári Stefánsson, forstjóri ÍE



### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Logi Einarsson minnist Gylfa Þ. Gíslasonar. 10
**SPORT** Gunnar Nelson bíður eftir næsta andstæðingi. 12
**MENNING** Dómur um Vísindasýningu Villa. 34
**LÍFIÐ** Með tilkomu smáforritsins Band Up er orðinn leikur einn að stofna hljómsveit. 38
**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● BÍLAR



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Gengur í sunnan og suðaustan hvassviðri eða storm í dag. Rigning með köflum, en þurrt og fremur bjart fyrir norðan.
SJÁ SÍÐU 16



**Sérsveit ríkislögreglustjóra að störfum. Myndin tengist fréttinni ekki.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Stálu bílnum frá sérsveitarmanni

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan lýsti í gær eftir Skoda Oktavia sem stolið var í Vesturbænum af liðsmanni í sérsveit ríkislögreglustjóra.

Skömmu eftir að tilkynningin birtist á fésbókarsíðu lögreglunnar barst ábending um bílinn.

Ljóst er að þjófarnir fóru ekki langt og fóru varlega því bíllinn reyndist óskemmdur. Í honum var þó megn reykingalykt og búið að róta mikið í eigum sérsveitarmannsins sem ók heim með rúðurnar niðri til að reyna að losna við mesta óþefinn.

Ekki er vitað hverjir voru að verki. Lögreglan vonast til að leysa málið með því að renna á lyktina. **– bb**

## Kynlaus lax til varnar laxeldi

**NOREGUR** Norska líftækniráðið mun taka ákvörðun um hvort leyfa eigi aðferð sem gerir lax kynlausan og hvort merkja eigi þá laxinn sem erfðabreyttan.

Bergens Tidende hefur það eftir vísindamanni við norsku hafrannsóknastofnunina að kynlausi laxinn muni ekki geta blandast villta laxinum ef hann sleppur.

Í fyrra sluppu 185 þúsund laxar og regnbogasilungar frá norskum eldisstöðvum. Bent hefur verið á að eldislaxinn geti smitað villtan lax af sjúkdómum og leitt til erfðabreytinga hjá villtum laxi við æxlun. Það geti erfðabreytti laxinn ekki. **– ibs**

## Barist um boltann í KSÍ



**Björn Einarsson og Guðni Bergsson tókust á fyrir framan sjónvarpsmyndavélarnar í þættinum 19.10 á Stöð 2 í gærkvöldi. Björn og Guðni eru einir í framboði til formanns KSÍ en Geir Þorsteinsson, núverandi formaður, er að hætta. Kosið verður um formann um næstu helgi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Vantar menn á björgunarskip

**SIGLUFJÖRÐUR** Björgunarsveitin Strákar á Siglufirði óskar eftir sjálfboðaliðum til að geta mannað áhöfn Sigurvins, björgunarskips þeirra Siglfirðinga.

Hrólfur Baldursson, formaður Stráka, segir að erfitt hafi verið að fá inn nýliða en mikilvægt sé að fá fleiri. Stjórn á skipi sem þessu eigi að vera í föstum skorðum til að tryggja öryggi sjófarenda.

„Að okkar mati er gríðarlega mikilvægt að skipið sé staðsett hérna á norðanverðum Tröllaskaga," segir Hrólfur. **– sa**



**Hrólfur Baldursson**
formaður Björgunarsveitarinnar Stráka




# Fái lengt fæðingarorlof fjarri fæðingardeildum

**Þingmenn fimm flokka á Alþingi hafa lagt fram frumvarp á þingi um að lengja fæðingarorlof foreldra sem þurfa um langan veg að fara á fæðingardeild til að eiga barn. Þingheimur kannski að vakna, segir bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum.**

**ALÞINGI** Fulltrúar fimm flokka á þingi hafa lagt fram frumvarp þess efnis að lengja fæðingarorlof verðandi foreldra sem þurfa um langan veg að fara til að sækja sér fæðingarhjálp.

Fæðingardeildum hefur fækkað gríðarlega hér á landi síðustu áratugina og enn fleiri foreldrar þurfa því að leggja í langferðir til að sækja sér aðstoð.

„Réttlætismál fyrir börn," segir Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingkona Framsóknarflokksins.

Fulltrúar Framsóknar, Pírata, Samfylkingar, Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks leggja fram frumvarpið.

Verðandi foreldrar þurfa oft og tíðum að flytjast búferlum fyrir áætlaðan fæðingardag til að vera viss um að geta fætt með hjálp lækna. Dæmi eru um að foreldrar hafi þurft að bíða í rúman mánuð eftir fæðingu fjarri heimabyggð.

„Þetta er að mestu leyti réttlæti fyrir það barn sem er að koma í heiminn, að það fái jafn langan tíma með foreldrum sínum og aðrir foreldrar sem búa nærri fæðingarstað. Foreldrar sem þurfa að taka fæðingarorlof áður en barn fæðist fá því minni tíma með barninu. Þessu þarf að breyta," segir Silja Dögg. „Það er von okkar sem flytjum málið að það verði að lögum á þessu þingi."

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum segir frumvarpið góðra gjalda vert.

„Það gefur kannski til kynna að þingheimur sé að vakna til vitundar um þann niðurskurð sem hefur átt sér stað í velferðarþjónustu á landsbyggðinni," segir Elliði.



**Foreldrar geta þurft að bíða svo vikum skiptir fjarri heimabyggð eftir að barn komi í heiminn** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Þetta er að mestu leyti réttlæti fyrir það barn sem er að koma í heiminn, að það fái jafn langan tíma með foreldrum sínum og aðrir foreldrar sem búa nærri fæðingarstað.**
>
> Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks



Bæjarstjórinn minnir á að fæðing barns sé stærsta stund í lífi hvers foreldris.

„Hins vegar tekur frumvarpið eingöngu á mjög takmörkuðum hluta vandans. Frumvarpið bætir aldrei fyrir það fyrsta þá skerðingu sem fólgin er í því að þurfa að eiga barn fjarri stuðningsneti og ástvinum. Ofan á þetta bætist að íbúar einangraðra byggða, þar sem fæðingarþjónustu hefur verið hætt, búa ávallt við ákveðna hættu. Frumvarpið tekur ekki á því heldur," segir Elliði. **sveinn@frettabladid.is**

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# SMURT OG SPARAÐ

**Sértilboð á smurþjónustu 1.-15. febrúar hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota**




## 20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva, frostlegi og fleiru.*

## 15% afsláttur

af vinnu við smurningu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

## Engin vandamál - bara lausnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460-4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480-8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420-6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540-4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440-8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440-8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum | 481-1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455-4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470-5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421-6901 |



*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, bílaperur, rúðuvökvi og frostlögur (afsláttur gildir eingöngu með vinnusölu).

# Matur og vistun dýrust í grunnskólum Garðabæjar

**MENNTAMÁL** Samkvæmt nýrri samantekt verðlagseftirlits ASÍ er hæst verð fyrir hádegisverð og síðdegisvistun grunnskólabarna í Garðabæ, eða 36.484 krónur á mánuði en lægst í Sveitarfélaginu Skagafirði þar sem þjónustan kostar 24.234 krónur.

Allt að 51 prósents munur er á kostnaði foreldra vegna þjónustunnar meðal stærstu sveitarfélaga landsins samkvæmt samantektinni.

Heildarkostnaður foreldra vegna þessarar þjónustu hefur hækkað í öllum fimmtán sveitarfélögunum sem skoðuð voru. Mesta hækkunin milli ára er í Reykjavík þar sem þjónustan hækkaði um ellefu prósent. Munar þar mest um þrjátíu prósenta hækkun á hádegisverði.

Ef eingöngu er skoðuð gjaldskrá fyrir hádegisverð sem í boði er fyrir grunnskólabörn á öllum aldri má sjá að allt að 41 prósents verðmunur er á milli sveitarfélaga.

Hæsta verðið er á Ísafirði þar sem máltíðin kostar 492 krónur. Akureyri og Vestmannaeyjar eru einu sveitarfélögin þar sem hádegisverður hækkaði ekki milli ára.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólanefndar Grunnskóla Garðabæjar, segir að bærinn greiði grunnskólamat niður árlega um 60-70 milljónir.

Þá sé forgangsmál í bæjarfélaginu að efla innra starf skólanna og í því skyni var stofnaður Þróunarsjóður grunnskóla árið 2014 sem útdeilir 30 milljónum á ári. Kennarar og aðrir starfsmenn skólanna geta sótt um. Auk þess hefur bærinn í upphafi árs ákveðið að leggja 50 milljónir aukalega til grunnskólanna vegna ýmissa verkefna.

„Garðabær hækkaði skólamat mjög lítið milli ára síðast eða um tvö prósent á meðan ýmis önnur sveitarfélög hækkuðu mun meira. Munur á krónutölu er ekki mikill til dæmis milli Garðabæjar og Hafnarfjarðar og sama á við um Kópavog. Garðabær leggur áherslu á hátt þjónustustig og eru börn tekin ung inn í leikskóla, leikskólinn lokar ekki á sumrin þannig að foreldrar geta valið sér tíma til að taka sumarfrí og auk þess er frjálst val um grunnskóla fyrir börn á milli grunnskóla með ólíkar áherslur,“ segir Sigríður Hulda Jónsdóttir. **– bb**



**Í samanburðinum er miðað við þriggja tíma daglega vistuna eftir skóla ásamt síðdegishressingu og hádegismat í 21 dag á mánuði.** MYND/STEINN VIGNIR

# Á þriðja hundrað ferðamenn slösuðust í umferðinni í fyrra

**Meira en 220 erlendir ferðamenn slösuðust í umferðinni í fyrra. Tveir létust. Umferðarslysum fjölgaði gríðarlega árið 2015. Helstu ástæður umferðarslysa erlendra ferðamanna eru útafakstur eða bílvelta.**

**UMFERÐ** Meira en 220 erlendir ferðamenn slösuðust í umferðinni á Íslandi árið 2016. Þetta sýna nýjar tölur Samgöngustofu sem kynntar verða á morgunverðarfundi Samtaka ferðaþjónustunnar og Samtaka fjármálafyrirtækja um umferðaröryggi sem fram fer á Hilton Reykjavík Nordica í dag.

Á árinu 2014 slösuðust 123 en árið eftir var fjöldinn kominn í 213. Á liðnu ári slösuðust svo 223 erlendir ferðamenn og þar af létust tveir hinna slösuðu. Fjöldi slasaðra ferðamanna það árið er 15,7 prósent af heildarfjölda slasaðra það árið. Aukningin árið 2015 var hlutfallslega mun meiri en sem nemur fjölgun ferðamanna á Íslandi en aukningin 2016 var hlutfallslega minni.

Gunnar Geir Gunnarsson, deildarstjóri öryggis og fræðsludeildar hjá Samgöngustofu, segist ekki vera með skýringar á þessari þróun en bendir á að slysum hafi fjölgað mikið yfir vetrartímann árið 2015. Aðstæður í umferðinni yfir vetrartímann séu mun erfiðari en á sumrin. „Margir sem koma á sumrin lenda í aðstæðum sem þeir þekkja ekki, þröngum vegum og lausamöl. En á veturna er þetta oft enn þá meira framandi,“ segir hann.

Þegar rýnt er í upplýsingar um ástæður slysa má sjá að 73 prósent erlendra ferðamanna sem lenda í slysum keyra út af eða velta bílnum. Aðrir sem slasast keyra út af eða velta bílnum í einungis 23 prósentum tilvika.



**Þessi bíll fór út af Reykjanesbraut, valt og endaði á toppnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Ástæðan fyrir þessu er sú að erlendir ferðamenn eru nánast bara að keyra í dreifbýli á meðan Íslendingar aka nánast bara í þéttbýli. Útafakstur og bílveltur eru mjög dæmigerð dreifbýlisslys,“ segir Gunnar Geir.

Hann segir þessa niðurstöðu sýna að ýmislegt megi bæta við vegakerfið til þess að bæta umferðaröryggi. Til dæmis séu vegrið ekki nógu víða. „Þetta er auðvitað eitt af því sem þarf að laga og að umhverfi veganna sé þannig að það liggi ekki dauðarefsing við því að aka út af, eins og sums staðar er,“ segir Gunnar Geir.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur til skoðunar hvort mögulegt sé að leggja gjald á notkun nagladekkja. Gunnar Geir segir umræðuna um nagladekk vera flókna.

„Slysin á erlendum ferðamönnum eru 95 prósent í dreifbýli enda fer akstur þeirra langmest fram í dreifbýli. Af 223 slösuðum útlendingum voru 11 sem slösuðust í þéttbýli. Það setur þetta í samhengi og það er alveg glórulaust ef bílaleigum yrði bannað að hafa nagladekk undir bílum sínum. Umræðan um nagladekk í borginni er síðan allt annars eðlis. Það þarf að passa að setja þetta ekki allt saman undir sama hatt,“ segir Gunnar Geir.
**jonhakon@frettabladid.is**



**Örnólfur Thorlacius.**

## Örnólfur Thorlacius látinn

**Örnólfur Thorlacius, fyrrverandi rektor Menntaskólans við Hamrahlíð, lést 5. febrúar, 85 ára að aldri.**

**Örnólfur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1951 og námi í líffræði, efnafræði og dýrafræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Örnólfur kenndi við MR 1960 til 1967 og við MH 1967 til 1980 og var rektor MH 1980 til 1995.**

**Þekktastur er Örnólfur fyrir alþýðufræðslu sína, meðal annars vinsæla þætti í útvarpi og sjónvarpi og þá sérstaklega sjónvarpsþáttinn Nýjasta tækni og vísindi sem var á dagskrá RÚV í mörg ár.**

**Örnólfur var kvæntur Guðnýju Ellu Sigurðardóttur sérkennara sem lést 1983. Þau eignuðust fjóra syni. Síðar var sambýliskona Örnólfs Rannveig Tryggvadóttir þýðandi. Hún lést 2015.**

**ÁRÉTTING**

*Í umfjöllun blaðsins um útflutningsverðmæti grásleppu á laugardag var heimildar ekki getið. Fréttin var byggð á úttekt Landssambands smábátaeigenda og frétt um efnið sem birtist á heimasíðu sambandsins 1. febrúar.*






# Fengu fésektir fyrir ferð að Holuhrauni

**DÓMSMÁL** Þrír menn voru dæmdir til greiðslu sektar í Héraðsdómi Norðurlands eystra á dögunum fyrir að aka inn á bannsvæði meðan eldgosið í Holuhrauni stóð yfir.

Mennirnir óku inn á svæðið á tveimur bílum við Grænavatn í Mývatnssveit. Í skýrslutökum hjá lögreglu viðurkenndu mennirnir að hafa ekið inn á svæðið og tekið eftir einhverjum lokunum. Þá hafi þeir einnig vitað af ferðabanninu en „forvitnin hafi rekið þá áfram“.

Fyrir dómi báru þeir því við að hafa ekki vitað af lokuninni. Þeir hefðu verið á vel útbúnum bílum og feikilega vanir ferðum inn á hálendið. Þeir hefðu tekið eftir lokunarskiltinu við Grænavatn en talið það „týpískt Vegagerðarskilti. [..] [V]ið lítum á þetta meira svona sem einhverjar aðvaranir fyrir túristana og við bara höldum okkar ferðalagi og þykjumst bara, eða vitum bara, hvenær okkur er óhætt að halda áfram,“ sagði meðal annars í vitnisburði þeirra fyrir dómi.




**Lokunarskilti sem sett var upp meðan gosið stóð yfir.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þremenningunum var öllum gert 80.000 króna sekt en ökumenn bifreiðanna fengu 5.000 króna sekt að auki fyrir að virða umferðarmerki að vettugi. Sex daga fangelsi kemur í stað sektanna verði þær eigi greiddar innan sex vikna.

Auk þess var mönnunum gert að greiða málsvarnarlaun og kostnað verjanda síns, alls tæplega 1,4 milljónir króna. **– jóe**




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík S. 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri S. 515 7050
mazda.is

ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI



www.bilaland.is




BMW X1 Sdrive18d.
Nýskr. 11/15, ekinn 20 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 4.490 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11




NISSAN X-Trail Acenta Plus.
Nýskr. 12/14, ekinn 36 þ.km, dísil, beinskiptur.

VERÐ 4.490 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11




VW Golf VII E-Golf.
Nýskr. 09/15, ekinn 28 þ.km, rafmagn, sjálfskiptur.

VERÐ 3.890 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11




SUZUKI Vitara GL.
Nýskr. 12/15, ekinn 71 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

VERÐ 2.990 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11




CHEVROLET Spark.
Nýskr. 06/12, ekinn 64 þ.km, bensín, beinskiptur.

VERÐ 1.090 þús. kr.

Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1




HYUNDAI I20 Classic.
Nýskr. 11/12, ekinn 55 þ.km, dísil, beinskiptur.

VERÐ 1.390 þús. kr.

Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1

bílaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM80055


## Mótmæla spillingu



Um hálf milljón Rúmena fór út á götur til að mótmæla frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem gerir ósaknæmt að taka við mútum ef þær eru undir jafnvirði fimm milljóna króna. Reglurnar voru samþykktar á fimmtudag en dregnar til baka í fyrradag. Það hreif ekki á mótmælendur sem héldu áfram að láta í sér heyra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Segir að skipverjanum hefði mátt sleppa fyrr

**Verjandi skipverjans, sem sleppt var úr haldi fyrir helgi eftir að hafa verið talinn viðriðinn hvarf Birnu Brjánsdóttur, segir að ljóst hafi verið snemma að maðurinn væri saklaus. Skipverjinn hafi reynt allt sem hann gat til að leysa málið.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég tel að það hefði mátt sleppa honum fyrr,“ segir Unnsteinn Elvarsson, verjandi skipverjans á Polar Nanoq sem sleppt var í síðustu viku. Maðurinn sat í einangrun í tvær vikur á grundvelli þess að Hæstiréttur dæmdi manninn til gæsluvarðhalds grunaðan um að bana Birnu Brjánsdóttur.

Unnsteinn vill ekki dæma um hvenær lögreglu hefði átt að vera ljóst að maðurinn væri saklaus af ásökunum sem bornar voru á hann.

„En hvað mig varðar þá tel ég að það hafi verið nokkuð snemma, bara alveg á fyrstu dögunum. Nánast eftir fyrstu skýrslutöku,“ segir Unnsteinn. Umbjóðandi hans hafi verið samkvæmur sjálfum sér frá upphafi.

„Hann vissi auðvitað eitthvað en þessi bílferð er honum mjög óljós. Það liggur fyrir í málinu að hann var ofurölvi, það er engu logið um það. Það er hægt að fullyrða að hann hafi verið samvinnuþýður og viljað upplýsa um málið eins og honum var fremst mögulegt. Hann hringdi í mig tvisvar til þrisvar á dag til að tala um að hann væri að reyna að svara öllu til að hægt væri að upplýsa málið. Það skiptir hann öllu að málið leysist eins fljótt og hægt er.“



**Einn sakborningur er enn í haldi grunaður um að hafa banað Birnu Brjánsdóttur. Í fréttum RÚV segir að vatn hafi verið í lungum Birnu og hún fundist nakin.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Einangrunarvistin mun hafa reynst skipverjanum verulega þungbær. Unnsteinn vill ekki gera of mikið úr því. Mestu skipti að niðurstaða fáist í málið. Ef hann hafi enn stöðu sakbornings svo kalla megi hann fyrir dóm síðar meir til að bera vitni þá sé það óþarfi, umbjóðandi hans hafi ítrekað sagst mundu sjálfviljugur koma til að bera vitni.

„Svo er það hinn vinkillinn í þessu máli. Með mynd- og nafnbirtingu er æra hans farin,“ segir Unnsteinn.

Unnsteinn segir enga ákvörðun hafa verið tekna um mögulegt bótamál gegn íslenska ríkinu. „Það er ekki viðeigandi og ekki tímabært á meðan málið er í rannsókn og verður ekki skoðað fyrr en því lýkur.“

Fréttastofa hafði samband við Grím Grímsson vegna málsins en hann vildi ekki gefa upp hvers vegna nákvæmlega skipverjinn hefði enn stöðu sakbornings.

**snaeros@frettabladid.is**

# SUZUKI SWIFT

## VERÐ FRÁ AÐEINS KR. 2.090.000




**Suzuki Swift** er meðal vinsælastu bíla á Íslandi undanfarin ár enda mjög sparneytinn og með einstaklega skemmtilega akstursegiginleka. Hann er fáanlegur beinskiptur, sjálfskiptur og einnig fjórhjóladrifinn beinskiptur.

Meðal staðalbúnaðar eru vönduð hljómtæki með sex hátölurum, USB tengi, ESP stöðugleikakerfi, sjö öryggisloftpúðar, hiti í sætum og loftkæling.

**FLOTTUR BÍLL Á FRÁBÆRU VERÐI**

SUZUKI Way of Life!

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100









Japanskir ráðamenn fengu að kanna svæðið árið 2013. Enn er mikil vinna eftir til að koma öllu í stand. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Geislavirkni í Fukushima í hæstu hæðum

**Nýjar mælingar frá Fukushima-kjarnorkuverinu sýna geislun mun meiri en áður var gert ráð fyrir. Þetta gæti haft áhrif á frekari aðgerðir á svæðinu.**

**JAPAN** Geislaálag í kjarnakljúfi tvö í Fukushima-kjarnorkuverkinu náði áður óséðum hæðum í liðinni viku þegar það mældist 530 sívert á klukkustund. Það er hæsta álag sem mælst hefur frá kjarnorkuslysinu sjálfu í mars 2011. Þetta kom fram í yfirlýsingu frá Tokyo Electric Power Co. (TEPCO). Hæsta geislaálag sem mælst hafði hingað til var 73 sívert.

Mælingarnar voru gerðar með fjarstýrðri myndavél. Sérfræðingar hlustuðu þá eftir hljóðum og áhrifum sem geislunin hafði á myndavélina. Slíkum mælingum getur skeikað um plús/mínus 30 sívert.

Geislunin er slík að kæmist manneskja í námunda við hana þó ekki væri nema í örskamma stund, myndi það hafa banvæn áhrif. Til að mynda lætur annar hver maður lífið eftir að hafa komist í námunda við geislun upp á fjögur sívert og eins síverts geislun getur valdið ófrjósemi eða hárlosi hjá þeim sem fyrir henni verður.

Kjarnorkuslysið í Fukushima átti sér stað í mars 2011 þegar flóðbylgja, orsökuð af jarðskjálfta, skall á kjarnorkuverinu. Afleiðingin var stærsta kjarnorkuslys frá Chernobyl-slysinu árið 1986. Frá slysinu hefur vinna staðið yfir við að lágmarka skaðann af því. Óttast er að þessar niðurstöður muni seinka þeirri vinnu en hingað til hefur hún gengið hægt fyrir sig.

TEPCO hafði fyrirhugað að senda fjarstýrt vélmenni að kjarnaofninum sem átti að þola allt að þúsund sívert á klukkustund. Tilgangur ferðarinnar er að kanna skaðann. Við smíði þess var gert ráð fyrir álagi allt að 73 sívertum og en við það álag var gert ráð fyrir að vélmennið myndi endast í um tíu klukkustundir. Niðurstöður nýjustu mælinga þýða hins vegar að það myndi ekki duga nema í um tvær klukkustundir. Vinna stendur yfir til að kanna hvort unnt sé að betrumbæta það.

johannoli@frettabladid.is

# Trump ávarpi ekki þingið

**BRETLAND** John Bercow, forseti neðri deildar breska þingsins, er „mjög andvígur“ því að Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, fái að ávarpa þingið í opinberri heimsókn til Bretlands.

Bercow sagði á þingfundi í gær að afar mikilvægt væri að þingið tæki stöðu gegn kynþáttahyggju og kynjamismunun. Ræðu Bercows var ákaft fagnað af þingmönnum Skoska þjóðarflokksins.

„Fyrir undirritun innflytjendatilskipunarinnar var ég andvígur því að Trump myndi ávarpa þingið. Eftir undirritun hennar er ég enn andvígari því,“ sagði Bercow. Hann bætti því við að einstaklingar þyrftu að vinna sér inn réttinn til að ávarpa þingmenn, sá réttur fengist ekki sjálfkrafa.

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, bauð Bandaríkjaforseta til Bretlands í síðasta mánuði. Dagsetning heimsóknarinnar liggur ekki fyrir ennþá. Tæplega tvær milljónir manna rituðu undir áskorun til þingsins um að meina Trump að koma til landsins. Sú umræða mun fara fram eftir tæpar tvær vikur. – **jóe**



# EKKI BARA GÆÐI

## ÖRYGGISSKÓR



**12.900** m/vsk

Fullt verð 21.950

## SAMFESTINGUR

EN471



**12.900** m/vsk

Fullt verð 18.674

## SOFTSHELL-JAKKI



**9.900** m/vsk

Fullt verð 15.710

## VINNUBUXUR

Styrktir hnjápúðavasar



**12.900** m/vsk

Fullt verð 18.674

## HÚFA



**1.290** m/vsk

Fullt verð 2.990

## SMÍÐA-VESTI



**8.900** m/vsk

Fullt verð 14.317

## HETTU-JAKKI



**11.900** m/vsk

Fullt verð 17.686

## VINNU-BUXUR



**5.900** m/vsk

Fullt verð 9.781

## JAKKI



**19.900** m/vsk

Fullt verð 27.566

## KULDA-ÚLPA



**25.900** m/vsk

Verð frá 35.836




www.sindri.is | sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

SINDRI VINNUFÖT

# Öryggisnetið



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Bandaríski rithöfundurinn F. Scott Fitzgerald sagði að það væri prófsteinn á fyrsta flokks gáfur hjá einstaklingnum að geta verið samtímis með tvær fullkomlega andstæðar skoðanir á sama máli en samt verið starfhæfur og haldið fullri virkni.

Fitzgerald dó langt fyrir aldur fram úr alkóhólisma en hann hafði rétt fyrir sér að ákveðnu leyti. Flest stór menningarsamfélög síðustu þúsund ára eða svo hafa verið í mótsögn við sjálf sig á einhverjum tímapunkti eða öðrum. Í þessum samfélögum hafa þrifist hugmyndir samtímis sem ganga fullkomlega í berhögg hvor við aðra. Lífsstíll í enskum miðaldasamfélögum þar sem riddarar voru blóðþyrstir morðingjar í þjónustu konungs en iðkuðu samtímis kristna trú, krossferðirnar og hræsni páfans í Róm gegnum aldirnar eru bara nokkur dæmi.

Segja má að tíminn frá 1789 hafi einkennst af tilraunastarfsemi hugmyndakerfa þar sem tekist hafa á frelsi og jöfnuður. Tilraunin með hreinan sósíalisma misheppnaðist og hömlulaus kapítalismi skapar ekki bara félagslega fátækt, þar sem tækifærin eru skert, heldur áþreifanlega fátækt þar sem ekkert öryggisnet er til staðar og stór hluti fólks á hvorki mat né þak yfir höfuðið. Ein skýrasta birtingarmynd um hvers konar samfélag óheftur kapítalismi hefur í för með sér eru Bandaríkin þar sem ungbarnadauði er algengari en á Kúbu, í Hvíta-Rússlandi og Malasíu. Bandaríkin eru samfélag öfganna þar sem tækniþróun og framfarir eru mestar en stór hluti borgaranna býr við hörmuleg lífskjör.

Í samfélagi geta tvær ólíkar hugmyndastefnur verið ráðandi á sama tíma. Þannig getur samfélag viðurkennt mikilvægi þess að ekki megi takmarka um of frelsi frumkvöðla til að skapa verðmæti því þeir séu drifkraftur samfélagsins. Hins vegar megi skattleggja þá þegar þeir afla sér tekna og þannig skerða frelsi þeirra. Nær öll evrópsk nútímasamfélög standa vörð um frelsi og jöfnuð á sama tíma. Þannig eru þessar ósamrýmanlegu hugmyndastefnur ráðandi samtímis. Pólitískar átakalínur í þessum ríkjum eru bara birting þess að fólk er ósammála um hvar skurðpunktar þessara ólíku stefna eigi að liggja.

Fyrir síðustu alþingiskosningar dreifðu nokkrir Sjálfstæðismenn listum frá alþjóðlegum stofnunum sem sýndu hvar Ísland hefði skarað fram úr í alþjóðlegum samanburði. Tilgangurinn var að sýna svart á hvítu (og það réttilega) hvað Ísland væri gott samfélag. Ójöfnuður er hér lítill þrátt fyrir hið kapítalíska hagkerfi og stuðlar sem mæla bæði hamingju þjóðarinnar og innviði samfélagsins eru mjög háir í alþjóðlegum samanburði. Þetta var klókt hjá Sjálfstæðismönnum en það láðist hins vegar að taka fram að Ísland hefur skarað fram úr á þessum listum af því að Ísland er velferðarsamfélag með djúpar sósíaldemókratískar rætur. Hrepparnir í íslenska þjóðveldinu voru sjálfsprottið velferðarkerfi í þjóðfélagi án ríkisvalds. Íslenska öryggisnetið er þannig þúsund ára gamalt fyrirbæri. Faðmlag íslenska öryggisnetsins við frjálsan markaðsbúskap og aðgang að innri markaði Evrópu með aðild að EES-samningnum er ástæða þess að á Íslandi er jöfnuður og efnahagsleg velsæld á sama tíma. Ekki óheftur kapítalismi.

**Nær öll evrópsk nútímasamfélög standa vörð um frelsi og jöfnuð á sama tíma.**

## Halldór




Hvert er þitt markmið?
Mamma Veit Best
PURE SYNERGY
Lífræn hágæða bætiefni & vítamín




MAMMA VEIT BEST.IS - LAUFBREKKA 30 & NJÁLSGATA 1

## Frá degi til dags

**Þetta er rétt að byrja**

Fasteignafélagið Þak er byrjað að bjóða 95 prósenta fasteignalán og segir að fleiri fasteignafélög muni fylgja í kjölfarið með svipuð kjör til viðskiptavina sinna. Íbúðirnar sem um ræðir eru mjög litlar, á bilinu 29 til 47 fermetrar og þær dýrustu eru á 23,9 milljónir króna. Þessi lán líkjast því sem Íslendingar áttu að venjast fyrir hrun og eru enn eitt atriðið sem minnir óþægilega á að sagan sé að endurtaka sig. Sjálfstæðisflokkur er aftur kominn í ríkisstjórn með frjálslyndum miðjuflokkum, húsnæðisverð heldur áfram að hækka, krónan er of sterk gagnvart öðrum gjaldmiðlum, fyrirtæki bjóða í árshátíðarferðir til útlanda, sala lúxusbíla tekur kipp og Silfur Egils er snúið aftur í sjónvarpið.

**Loksins loksins**

Framsóknarflokkurinn var, eins og alþekkt er, sérstakt baráttuafl fyrir háum húsnæðislánum og kom 90% lánum á eftir kosningarnar 2003. Lánin hafa stundum verið sögð eiga stóran þátt í efnahagshruninu 2008 vegna þenslumyndandi afleiðinga þeirra. Og eins og fyrir tæpum 15 árum hefur fátt breyst. Vigdís Hauksdóttir, fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, deildi frétt um fasteignalánin á Twitter með orðunum: „Frábærar fréttir fyrir unga fólkið okkar – loksins loksins.“ Eftir tíu ár til viðbótar mega íslenskir húsnæðiseigendur eiga von á aðgerð stjórnvalda: Lagfæringin. snaeros@frettabladid.is

# Þökk fyrir Gylfa



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Maðurinn er félagsvera og sá magnaði hæfileiki að vinna saman og miðla þekkingu, innan og milli kynslóða, hefur skapað honum einstaka stöðu meðal dýra. Örlög flestra okkar er að leggja aðeins ofurlítið af mörkum. Við hverfum að lokum hljóðlítið á braut og gleymumst fljótt. Aðrir rísa upp úr mannhafinu og marka djúp spor í söguna; gera samfélagið betra og fegurra. Einn þeirra var Gylfi Þ. Gíslason, fv. formaður Alþýðuflokksins. Í dag hefði Gylfi orðið 100 ára en hann fæddist þann 7. febrúar 1917 en lést 18. ágúst árið 2004 tæplega 88 ára gamall.

Gylfi hafði mikil áhrif á flest það fólk sem hann hitti og þau mál sem hann fjallaði um. Hann varð snemma baráttumaður fyrir jöfnuði og félagslegum umbótum og sagði fátækt og ömurlegar aðstæður fólks í kreppunni hafa gert hann að jafnaðarmanni. Gylfi var þó vel meðvitaður um það að maðurinn lifir ekki á brauði einu saman og manneskjan þarf líka á andlegri næringu að halda enda sjálfur ágætis tónskáld og píanóleikari.

Gylfi var mikilsvirtur skólamaður, fræðimaður, þingmaður í 36 ár og ráðherra í 15 ár. Hann beitti sér fyrir frjálsum viðskiptum og opnari samskiptum við umheiminn, ekki síst með því að hafa forgöngu um afnám hafta og skömmtunarkerfis í Viðreisnarstjórninni. Síðar birtust sömu áherslur í baráttu hans fyrir inngöngu Íslands í EFTA.

Á sviði menntamála stóð hann fyrir eflingu allra skólastiga og lögum um tónlistarskóla. Sá gríðarlegi kraftur og gæði sem eru í íslensku tónlistarlífi í dag eru ekki síst honum að þakka. Það væri því viðeigandi ef sönglagið Ég leitaði blárra blóma, eða eitthvað af hans fallegu verkum hljómuðu sem víðast í tónlistarskólum landsins í dag.

Fyrir hönd Jafnaðarmannaflokks Íslands, Samfylkingarinnar, þakka ég forsjóninni fyrir að hafa falið Gylfa Þ. Gíslasyni þrotlausa baráttu fyrir betri, fallegri og innihaldsríkari heimi.

**Fyrir hönd Jafnaðarmannaflokks Íslands, Samfylkingarinnar, þakka ég forsjóninni fyrir að hafa falið Gylfa Þ. Gíslasyni þrotlausa baráttu fyrir betri, fallegri og innihaldsríkari heimi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Ráðherrabull



**Kári Stefánsson**
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Það birtist svolítið viðtal við nýja dómsmálaráðherrann okkar, hana Sigríði Á. Andersen, í Fréttatímanum á fimmtudaginn. Tilefnið var að öllum líkindum að ég hafði boðið fram þjónustu Íslenskrar erfðagreiningar til þess að reyna að hysja gagnlegar upplýsingar upp úr lífsýnum sem fundust á vettvangi glæpsins hræðilega sem hefur hvílt svo þungt á þjóðinni. Ég hafði reyndar boðið þetta áður og í öðru samhengi og var í það skiptið eins og í þetta sinn ekki virtur svars. Það er tvennt í orðum dómsmálaráðherra sem ég hef út á að setja:

Í Fréttatímanum segir orðrétt: „Þetta hefur komið til skoðunar. Hingað til hefur verið samningur við rannsóknarstofu í Svíþjóð, en árið 2012-2013 var skoðað sérstaklega hvort það myndi borga sig að færa þessa starfsemi hingað til lands,“ segir Sigríður. „Tvö fyrirtæki komu til greina og fór innanríkisráðuneytið í greiningarvinnu ásamt ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu. Og þá mátu menn sem svo að svona samstarf hér á landi svaraði ekki kostnaði. Þar fyrir utan þótti samningurinn við sænska rannsóknarfyrirtækið góður.“

Í fyrsta lagi bauðst Íslensk erfðagreining til þess að annast þetta verkefni ókeypis, annaðhvort með því að sjá um greiningu sýna fyrir lögregluna eða hjálpa henni við að koma upp eigin rannsóknarstofu henni að kostnaðarlausu, sem myndi nýta sér tæki, þekkingu, reynslu og gögn Íslenskrar erfðagreiningar. Það er því út í hött að halda því fram að kostnaðargreining hafi leitt til þess að boði okkar hafi verið hafnað nema að svo ólíklega vilji til að sænska rannsóknarstofan borgi lögreglunni íslensku fyrir að fá að vinna með sýnin frá henni.

Í öðru lagi er engin þekking eða reynsla til staðar hjá innanríkisráðuneytinu, ríkislögreglustjóra eða lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu sem gerir þeim kleift að komast að raun um hvað þurfi til þess að setja upp rannsóknarstofu til þess að rýna í DNA á Íslandi. Til þess að ályktun þeirra yrði eitthvað meira en ábyrgðarlaust blaður hefðu þessir aðilar orðið að leita sér ráða hjá þeim sem hafa sett á laggirnar svona rannsóknarstofu á Íslandi. Það er ekkert sem bendir til þess að þeir hafi gert það.

Síðan segir Sigríður:

„Það var líka sjónarmið að það væri ákveðinn kostur að hafa þessa starfsemi erlendis vegna smæðar samfélagsins.“

Þetta sjónarmið hlýtur að vera einhvers konar samnefnari minnimáttarkenndar og fáfræði. Það er nefnilega ekkert við smæð samfélagsins sem gerir það að verkum að það sé erfiðara að rýna í DNA á Íslandi en erlendis og reynslan sýnir að á þessu sviði höfum við eyjaskeggjar oftast skotið útlendingunum ref fyrir rass. Þess utan er engu erfiðara að verja persónuupplýsingar við greiningu lífsýna á Íslandi en í útlandinu og það er mun meiri reynsla hérlendis í notkun dulkóðunar við slíka vinnu en nokkurs staðar annars staðar í heiminum.

Það sem gerir það hins vegar að verkum að það er hreint glapræði að fela þetta verkefni erlendum aðilum er að það er hægt að fá svo miklu meiri upplýsingar (eða vísbendingar) út úr röðum níturbasa í erfðaefni Íslendinga ef vinnan er unnin hér heima.

> **Í fyrsta lagi bauðst Íslensk erfðagreining til þess að annast þetta verkefni ókeypis, annað hvort með því að sjá um greiningu sýna fyrir lögregluna eða hjálpa henni við að koma upp eigin rannsóknarstofu henni að kostnaðarlausu, sem myndi nýta sér tæki, þekkingu, reynslu og gögn Íslenskrar erfðagreiningar. Það er því út í hött að halda því fram að kostnaðargreining hafi leitt til þess að boði okkar hafi verið hafnað nema að svo ólíklega vilji til að sænska rannsóknarstofan borgi lögreglunni íslensku fyrir að fá að vinna með sýnin frá henni.**

Ástæðan er eftirfarandi: Það má skipta vinnunni við lífsýnin í fjóra þætti, öflun lífsýna á vettvangi, einangrun DNA úr lífsýnum, raðgreiningu DNA (eða arfgerðagreiningu) og úrvinnslu úr gögnum. Fyrsta þáttinn verður auðvitað að vinna á vettvangi en næstu tvo væri hægt að vinna jafn vel í útlandinu eins og hér heima, en engu betur. Ef greining gagna er hins vegar unnin í Svíþjóð er einungis hægt að bera DNA af vettvangi glæps saman við DNA úr einstaklingi sem liggur undir grun. Ef greining gagna ætti sér stað hér á landi gætum við hins vegar sagt með nokkurri vissu úr hvaða einstaklingi lífsýnið sé án þess að þurfa samanburð eða frekari vitnanna við. Þetta gætum við vegna þeirrar reynslu, þekkingar og gagna sem við höfum aflað á rúmlega tuttugu árum. Í þessu felst tækifæri til byltingarkenndra framfara í réttarlæknisfræði. Það má heldur ekki gleyma því að þegar lífsýni er sent til útlanda til greiningar flyst forræði yfir sýninu í hendur þeirra sem lögreglan ræður ekki yfir og lúta ekki íslenskum lögum. Það telst óæskilegt þótt það sé ekki frágangssök.

Það er ljóst af ofansögðu að núverandi dómsmálaráðherra líður ekki fyrir tunguhaft þegar hún er beðin að tjá sig um málefni sem hún veit lítið sem ekkert um. Það er bæði gott og vont, gott vegna þess að það minnkar nauðsyn þess að þjóðin taki hana alvarlega þegar hún tjáir sig, vont vegna þess að það minnkar líkurnar á því að þjóðin geti tekið hana alvarlega þegar hún tjáir sig. Það er einnig athyglisvert að ráðuneytið skuli ekki hafa áhuga á því að afla samfélaginu annarrar tæknigetu en þeirrar sem þarf til þess að koma hælisleitendum úr landi á ruddalegan og jafnvel ofbeldisfullan hátt.

Svo er það annað lögmál klassískrar rökfræði sem segir okkur að það sé hægt að komast að réttri niðurstöðu á röngum forsendum. Það er nefnilega að öllum líkindum rétt niðurstaða fyrir Íslenska erfðagreiningu að þurfa ekki að sinna réttarlæknisfræðirannsóknum vegna þess að þær hefðu kostað okkur amstur og við hefðum líklega verið réttilega gagnrýnd fyrir að nota upplýsingar sem var aflað í vísindaskyni til þess að negla glæpamenn. Við gerðum okkur fyllilega grein fyrir þessu þegar við buðum fram þjónustu okkar en við erum einfaldlega eins og aðrir í þessu samfélagi að þegar birnuharmleikir eiga sér stað eru nokkrar líkur á því að tilfinningar beri skynsemina ofurliði. En það er líka hægt, og líklegra en hitt, að menn komist að rangri niðurstöðu á grundvelli rangra forsendna og ég er handviss um að það er röng niðurstaða fyrir íslenskt samfélag að ráðuneytið hafnaði því að nýta þá möguleika sem eru raktir hér að ofan.













TAKTU FRUMKVÆÐI
AÐ EIGIN FRAMA
KYNNINGARFUNDUR UM MBA-NÁM HÁSKÓLA ÍSLANDS

**Miðvikudaginn 8. febrúar** verður haldinn kynningarfundur MBA-námsins í Háskóla Íslands. Fundurinn verður haldinn í stofu HT-101 á Háskólatorgi **kl. 12:10–12:50.**

**Magnús Pálsson forstöðumaður MBA-námsins** kynnir námið og fyrirkomulag þess og **Egill Jóhannsson MBA 2017, forstjóri Brimborgar** segir frá reynslu sinni af náminu.

MBA-námið í Háskóla Íslands er hagnýtt meistaranám fyrir stjórnendur og sérfræðinga hugsað fyrir þá sem hafa reynslu af stjórnunarstörfum og vilja auka þekkingu sína og færni í stjórnun og rekstri.

**Skráning á fundinn fer fram á mba.is**

ASSOCIATION OF MBAS
HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA
www.mba.is
PIPAR\TBWA






Gunnar tekur hér hraustlega á því á æfingu fyrir nýliðna helgi. Hann er heill heilsu og klár í slaginn þegar kallið kemur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ég hef verið að berjast of lítið

**Gunnar Nelson er orðinn heill heilsu og vonast eftir því að komast inn í búrið hjá UFC fljótlega. Hann hefur aðeins barist þrisvar á síðustu tveimur árum.**

**MMA** „Maður þarf kannski að gera meira af þessu að vera bara heima og slaka á,“ segir Gunnar Nelson léttur en hann er kominn í níunda sætið á styrkleikalista UFC í veltivigtinni.

Það sem er áhugavert við stöðu Gunnars á listanum er að hann hefur farið upp um þrjú sæti síðan hann barðist síðast. Hann hefur aldrei verið hærra á listanum en í dag.

**London gæti kallað**

Mjölnismaðurinn barðist síðast í maí í fyrra er hann kláraði Rússann Albert Tumenov í annarri lotu. Hann átti að berjast við Kóreubúann Dong Hyung Kim í Belfast í nóvember en varð að draga sig úr bardaganum vegna ökklameiðsla.

„Ökklinn er fullkominn núna og ég er að æfa á fullu. Nú er ég að vonast eftir því að fá bardaga í mars eða apríl,“ segir Gunnar en það var búið að útiloka að hann gæti keppt í London þann 18. mars þar sem kvöldið var orðið fullskipað. UFC hefur nú opnað smá glugga og hugsanlegt að Gunnari verði bætt inn á það kvöld.

„Ég vildi komast inn á þetta kvöld í London og það er ekki úr myndinni. Ég vil nú samt ekki gefa fólki of miklar vonir og ég myndi ekkert panta miða alveg strax.“

**Viðræður við Dong**

Komist Gunnar ekki inn á bardagakvöldið í London þá er næsta kvöld þar á eftir þann 8. apríl. Það er UFC 210 í Buffalo þar sem bardagi Daniels Cormier og Anthony Johnson er aðalbardagi kvöldsins.

„Ég var spenntur fyrir New York-kvöldinu sem er fram undan en ekki alveg eins spenntur fyrir Buffalo. Það er samt eitthvað splunkunýtt, gott kvöld og stutt að fara á austurströndina í Bandaríkjunum. Í rauninni er mér samt alveg sama hvar ég berst,“ segir Gunnar en það hafa verið viðræður um að hann berjist við Dong eftir allt saman. Ef það gengur ekki er okkar maður opinn fyrir hverju sem er og meðal annars bardaga gegn hinum skrautlega Donald „Cowboy“ Cerrone sem er í sætinu fyrir ofan Gunnar á styrkleikalista UFC.

„Það væri frábær bardagi. Hann er stórt nafn í Ameríku og ég myndi taka honum opnum örmum.“

**Stefnir á þrjá bardaga**

Gunnar hafði sett stefnuna á fjóra bardaga á síðasta ári en náði aðeins einum. Árið 2015 barðist hann aðeins tvisvar og þetta eru því aðeins þrír bardagar á síðustu tveimur árum. Hann er ekki að ná nógu mörgum bardögum til þess að klífa enn hærra eins og hann stefnir á að gera.

„Þetta er mjög misjafnt eftir mönnum. Þetta er kannski í minna lagi. Ég ætla kannski ekki að segjast ætla að ná fjórum núna en ég set stefnuna á þrjá bardaga á þessu ári. Þessi íþrótt er samt allt öðruvísi en aðrar íþróttir. Þeir sem eru á toppnum eru kannski í mesta lagi að berjast tvisvar á ári en svo eru gæjar sem berjast meira. En það er rétt. Ég hef verið að berjast of lítið á síðustu tveimur árum,“ segir Gunnar Nelson. henry@frettabladid.is




## Olís-deild karla

**ÍBV - Selfoss 28-28**

**ÍBV - Mörk (skot):** Theodór Sigurbjörnsson 9/3 (14/3), Sigurbergur Sveinsson 6 (13), Róbert Aron Hostert 5 (9), Ágúst Emil Grétarsson 3 (4), Grétar Þór Eyþórsson 2 (3), Kári Kristján Kristjánsson 2 (6), Magnús Stefánsson 1 (2).
**Varin skot:** Stephen Nielsen 17 (45/1, 38%),
**Selfoss - Mörk (skot):** Elvar Örn Jónsson 6 (8). Alexander Már Egan 5 (8), Einar Sverrisson 5 (13), Hergeir Grímsson 3 (4), Teitur Örn Einarsson 3/1 (4/1), Guðjón Ágústsson 2 (3), Guðni Ingvarsson 2 (5), Árni Geir Hilmarsson 1 (1), Eyvindur Hrannar Gunnarsson 1 (1).
**Varin skot:** Helgi Hlynsson 19 (40/2, 48%), Einar Ólafur Vilmundarson 5 (12/1, 42%).

**Stjarnan - Fram 29-21**

**Stjarnan - Mörk (skot)**: Ólafur Gústafsson 8 (10), Gunnar Valdimar Johnsen 5 (5), Ari Magnús Þorgeirsson 5 (9), Andri Hjartar Grétarsson 3 (3), Starri Friðriksson 3 (4), Garðar B. Sigurjónsson 2/1 (3/2), Ari Pétursson 1 (1), Guðmundur Sigurður Guðmundsson 1 (2), Stefán Darri Þórsson 1 (2).
**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 21/1 (42/1, 50%).
**Fram - Mörk (skot)**: Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 8 (12), Guðjón Andri Jónsson 3 (3), Sigurður Örn Þorsteinsson 3 (4), Arnar Birkir Hálfdánsson 3 (14), Þorgeir Bjarki Davíðsson 2 (3), Bjartur Guðmundsson 1 (1), Davíð Stefán Reynisson 1 (1), Matthías Daðason (2), Andri Björn Ómarsson (2), Elías Bóasson (2), Andri Þór Helgason (2/2).
**Varin skot:** Viktor Gísli Hallgrímsson 13/1 (38/2, 34%), Daníel Þór Guðmundsson 2 (6, 33%).

**Valur - Afturelding 25-25**

**Valur - Mörk (skot):** Josip Juric 10/2 (12/2), Anton Rúnarsson 6/1 (13/2), Ólafur Ægir Ólafsson 3 (3), Vignir Stefánsson 2 (2), Sturla Magnússon 1 (2), Orri Freyr Gíslason 1 (2), Sveinn Aron Sveinsson 1 (3), Ýmir Örn Gíslason 1 (3).
***Varin skot:*** Hlynur Morthens 11/1 (29/3, 38%), Sigurður Ólafsson 5 (12/2, 42%).
**Afturelding - Mörk (skot):** Guðni Már Kristinsson 7 (8), Pétur Júníusson 5 (6), Árni Bragi Eyjólfsson 5/3 (9/4), Mikk Pinnonen 3 (5), Gunnar Þórsson 3 (6), Gestur Ólafur Ingvarsson 1 (1), Ernir Hrafn Arnarson 1/1 (6/1).
**Varin skot:** Davíð Svansson 10/1 (21/3, 48%), Kristófer Guðmundsson 3 (17/1, 18%).

**Grótta - Haukar 21-25**

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Afturelding | 24 | Selfoss | 17 |
| Haukar | 24 | Stjarnan | 15 |
| FH | 22 | Grótta | 13 |
| Valur | 19 | Fram | 13 |
| ÍBV | 19 | Akureyri | 13 |

**TREYJU BRADYS STOLIÐ**

Tom Brady, leikstjórnandi New England Patriots, fann ekki treyjuna sína eftir frækinn sigur liðsins á Atlanta Falcons í Super Bowl. Það var mikið um að vera í búningsklefa Patriots eftir leikinn og margir sem koma þar inn, þeirra á meðal fréttamenn eins og venjan er eftir leiki í deildinni.

Þegar Robert Kraft, eigandi Patriots, kemur að Brady í klefanum þá kemur í ljós að leikstjórnandinn finnur ekki treyjuna sem hann lék í.



„Einhver stal treyjunni minni,“ sagði Brady.

„Ertu að meina það? Þú verður að leita á netinu,“ svaraði Kraft.

Brady ræddi málið stuttlega við fréttamenn á leið úr búningsklefanum og sagðist þá reikna með því að treyjan yrði senn boðin til sölu á uppboðsvefnum eBay.

# VITNISBURÐUR NOTENDA SEGIR ALLT SEM SEGJA ÞARF

**Artasan kynnir**

Kaupaukatilboð sem samanstendur af Nutrilenk Gold og Nutrilenk Active þar sem Active fylgir með sem kaupauki. Þessi tvö liðbætiefni hafa reynst mjög vel og fjölmargir finna aukna virkni ef bæði efnin eru tekin saman.

Nutrilenk Gold hentar þeim best sem þjást af brjóskvefsrýrnun, sliti og verkjum í liðamótum. Það er unnið úr vatnsmeðhöndluðu brjóski úr völdum fisktegundum sem er ríkt af virku og nýtanlegu kondrótín súlfati, kollageni, mangan og kalki og er meðhöndlað með áhrifaríkum ensímum sem gerir bætiefnið mjög frásoganlegt og virkt. Fjöldi Íslendinga hefur öðlast nýtt líf með inntöku á Nutrilenk Gold.

**NUTRILENK ACTIVE – GOTT SMUREFNI FYRIR LIÐINA**

Nutrilenk Active er orðið vel þekkt á Íslandi en áralöng reynsla og rannsóknir á þessu bætiefni gefa til kynna að það hjálpi til við að auka heilbrigði liðanna, minnki verki, brak og stirðleika og auki þar með hreyfigetu og færni. „Nutrilenk Active inniheldur hátt hlutfall af náttúrulega efninu hýalúronsýru sem getur aukið liðleika og séð til þess að liðirnir séu vel smurðir svo fólk geti hreyft sig af fullum krafti án hindrana. Margir sem hafa stundað stífar æfingar þar sem reynir óhóflega á liðina, hafa bætt árangur sinn með inntöku á Nutrilenk Active. Margir læknar hafa einnig mælt með Nutrilenk Active og sjúkraþjálfarar, kírópraktorar og einkaþjálfarar greint frá góðri reynslu sinna skjólstæðinga,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

**KAUPAUKATILBOÐ – BÆÐI GOTT!**

Fjölmargir sem tekið hafa inn **Nutrilenk Gold** hafa staðfest að ef **Nutrilenk Active** er tekið inn samhliða, eykur það á virknina. Núna er frábært tækifæri til að prófa það en þessa dagana er kaupaukatilboð á þessum tveimur vörum. Þegar þú kaupir glas af Nutrilenk Gold, fylgir mánaðarskammtur af **Nutrilenk Active.**

**Sölustaðir:**
**Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana**




## „Öðlaðist nýtt líf – verkirnir voru hreint helvíti á jörð“



„Ég starfa sem leikskólakennari og vinn mikið á gólfinu með börnunum. Ég þarf þar af leiðandi sífellt að vera að setjast og standa upp aftur. Ég var greind með slitgigt og hef fundið fyrir verkjum í hægri mjöðminni um árabil. Á tímabili varð ég svo slæm að ég þurfti að fá sprautur og sterk verkjalyf fyrir mjöðmina. Ég skánaði við það en var alltaf með seyðing og verki. Suma daga var ég þokkaleg en aðrir voru hreint helvíti á jörð. Næturnar hafa líka í gegnum árin verið mér erfiðar. Ég var með eilífan seyðing í mjöðminni og niður í tá og gat ómögulega legið á hægri hliðinni. Ég var farin að haltra. Eftir að ég fór að taka NUTRILENK öðlaðist ég hreinlega nýtt líf. Ég hef notað NUTRILENK GOLD síðan í september 2012 með frábærum árangri, og þá meina ég ÁRANGRI. Í byrjun tók ég 6 töflur á dag í tvo mánuði en í dag tek ég þrjár töflur á dag. Núna sef ég allar nætur og get beygt mig án alls sársauka. Ég þurfti orðið aðstoð við að klæða mig í skó og sokka á morgnana, svo slæm var ég orðin. Í dag get ég bókstaflega allt! Ykkur finnst þetta kannski vera ýkt saga – en hún er sönn. Ég öðlaðist nýtt líf með NUTRILENK GOLD.“ **Ragnheiður Garðarsdóttir leikskólakennari.**

## „Líkaminn þolir mun betur langvarandi álag“



Friðleifur Friðleifsson er mikill íþróttamaður og hefur hlaupið frá árinu 2008. Hann hefur tekið þátt í öllum helstu hlaupum sem boðið er upp á á Íslandi hvort heldur það eru götuhlaup eða utanvegahlaup. Þá hefur Friðleifur tekið þátt í mörgum hlaupum erlendis, meðal annars 100 kílómetra hlaupi í Ölpunum við Mont Blanc. Hann sigraði í Esja Ultra hlaupinu 2014 og 2015.

„Sem hlaupari þá er mikilvægt að halda öllum liðum vel smurðum. Þar kemur NUTRILENK ACTIVE að góðum notum. Ég hef notað NUTRILENK ACTIVE í töluverðan tíma og finn að líkaminn þolir langvarandi álag mun betur og eymsli í liðum eru miklu minni en áður. Í hlaupum er mikið álag til dæmis á ökkla og hné, sérstaklega þegar hlaupið er á grófu og misjöfnu undirlagi og ég tala nú ekki um upp og niður fjöll. Það er því mikilvægt að fyrirbyggja eymsli í liðum og ég get hiklaust mælt með NUTRILENK ACTIVE. Það virkar.“ **Friðleifur Friðleifsson**

**LUNAMINO**

**INNIHALDSEFNI:**

- L-tryptófan
- Sítrónumelissa
- Lindarblóm
- Hafrar
- B-vítamín
- Magnesíum

**Melatónín er myndað úr tryptófani**




LYFJA – Lifið heil
Apótekið – einfalt og ódýrt
Heilsuhúsið 1979



Kristín Kristjánsdóttir, djákni í Fella- og Hólakirkju, stýrir djúpslökun og fyrirbæn ásamt Þorgerði Sveinsdóttur alla þriðjudaga klukkan 17.30. MYND/GVA

# DJÚPSLÖKUN Í KIRKJU

Boðið er upp á djúpslökun og fyrirbæn í Fella- og Hólakirkju alla þriðjudaga. Djúpslökunin byggir á jóga nidra-fræðum en jógakennari leiðir slökunina ásamt djákna kirkjunnar. Allir eru velkomnir.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



„Til eru ítarlegar rannsóknir á því hvernig heilsa, líkamleg, andleg og félagsleg, batnar við djúpslökun og bæn,“ segir Kristín Kristjánsdóttir, djákni við Fella- og Hólakirkju, en boðið er upp á djúpslökunar- og fyrirbænastundir í kirkjunni á þriðjudögum klukkan 17.30.

„Fyrsti tíminn var fyrir viku og er ætlunin að bjóða upp á þessar ókeypis stundir í vetur,“ segir Kristín en hugmyndin kom frá fólki í sókninni. „Það kom fólk að máli við mig og óskaði eftir þessu en slíkar stundir hafa verið haldnar í fleiri kirkjum með góðum árangri,“ lýsir hún.

## GÓÐ ORKA Í KIRKJUNNI

Kristín ákvað að fá til liðs við sig jógakennarann Þorgerði Sveinsdóttur enda hafi hún góða reynslu í því að leiða fólk í djúpslökun sem byggi á jóga nidra-fræðum. „Kjarninn í djúpslökun er öndun, að fylgjast með henni og læra inn á hana og líkamann,“ segir Þorgerður sem hefur iðkað jóga í 15 ár og kennt í sjö. Hún segir gott að iðka djúpslökun liggjandi en hægt sé að gera það sitjandi líka. „Djúpslökun má í raun iðka hvar sem er en það var dásamlegt að vera í kirkjunni, enda góður andi þar,“ segir hún og Kristín er hjartanlega sammála. „Það er ótrúleg orka sem myndast inni í svona stórri byggingu,“ segir hún.



Þorgerður Sveinsdóttir

## BÆTT HEILSA

Þær eru sammála um að djúpslökun hafi góð áhrif á heilsuna. „Kirkjan er bandamaður fólksins og vill vinna að því að bæta líðan þess. Okkur fannst þetta því frábær vettvangur til að koma til móts við það,“ segir Kristín sem bendir á að góð slökun geti lækkað blóðþrýsting og bætt andlega heilsu. Þá sé góð djúpslökun á við fjögurra tíma svefn og bæti jafnframt nætursvefn. Þorgerður bætir við að slökun dragi mjög úr streitu.

Þótt djúpslökun byggi á jóga nidra-fræðum er ekki stundað hefðbundið jóga í kirkjunni. Hins vegar er kærleikurinn kjarni stundarinnar að sögn þeirra tveggja. „Fyrir mér skiptir ekki öllu máli hvað maður kallar andann, eða hvað fólk trúir á, heldur er það kærleikurinn sem er kjarninn í þessu ferli,“ segir Þorgerður sem telur jógíska iðkun vera í grunninn andlega iðkun.

Kristín er ánægð með hve fólk sé opið fyrir þessum stundum. „Allir eru velkomnir og ekkert þátttökugjald er tekið fyrir,“ segir hún en í allt tekur ferlið klukkutíma. „Við byrjum á fyrirbæn, svo leiðir Þorgerður okkur inn í slökunina. Fólk má liggja eða sitja. Síðan endum við stundina með bæn,“ lýsir Kristín og bendir á að teppi og koddar séu á staðnum en dýnur þurfi fólk að koma með sjálft.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*












# BÍLAR

7. FEBRÚAR 2017



# Driftað og leikið sér í Rovaniemi í Finnlandi

Allar gerðir Subaru-bíla voru reyndar í fjölbreyttum þrautabrautum fyrir utan hinn norðlæga bæ Rovaniemi sem liggur á norðurheimsskautsbaug, líkt og Grímsey. Meðal bíla Subaru þar var Impreza WRX STI, sem er 300 hestafla rallíbíll. SÍÐA 8



## Reynsluakstur

Lexus IS 300h og Volvo V90 teknir til kostanna. Þar fara sannir lúxusbílar sem báðir eru gott dæmi um vandaða framleiðslu beggja bílaframleiðendanna. SÍÐA 6 OG 10



## Glæsilegasta rúta landsins

er nýkomin á göturnar og þrátt fyrir að þar fari stór rúta eru sæti aðeins fyrir 29 manns. Þar fer sannarlega vel um farþega. SÍÐA 2



## Gerbreytt og stærri Micra

Ný kynslóð af Nissan Micra er á leiðinni og þar sést ein mesta breyting á einum bíl á síðustu árum. SÍÐA 2





Ný kynslóð Nissan Micra þykir henta vel í verkefnið.

# NISSAN KEMUR TIL MÓTS VIÐ ÞÁ SEM VILJA SAMNÝTA BÍLINN MEÐ ÖÐRUM

Á tækniráðstefnunni The Web Summit í Lissabon í nóvember nk. mun Carlos Ghosn, stjórnarformaður og forstjóri Nissan, segja frá nýju verkefni sem fyrirtækið hyggst ýta úr vör á Parísarsvæðinu í Frakklandi í apríl. Verkefnið sem kallast Nissan Intelligent Get & Go Micra byggist á þörfum fólks sem hefur áhuga á að deila eignarhaldi og notum á einkabíl með öðrum. Nissan hyggst finna einstaklinga sem hafa svipaðar þarfir og velja þá saman sem heppilegast er að deili saman bíl, m.a. með tilliti til búsetu og áfangastaðar. Þess vegna þurfa þeir sem vilja taka þátt að vera skráðir á samfélagsmiðlum þar sem þeir skrá helstu upplýsingar um sig, svo sem búsetu, vinnustað og fleira og vera með staðsetningu sína virka í snjallsímanum sínum til þess að tölvukerfi Nissan geti búið til hópa fólks sem hentar best að deila bíl til að nýtingin á bílnum verði sem best. Greiðslufyrirkomulagið verður með þeim hætti að notendur greiða mánaðarlega í samræmi við notkun sína þannig að þeir sem nota bílinn mest munu greiða mest. Greiðsluseðillinn inniheldur tryggingar og þjónustuskoðanir.

### Aukinn sveigjanleiki

Ghosn segir að Nissan sé með verkefninu að taka þátt í þeirri þróun sem sé að verða í heiminum þar sem hlutverk „einkabílsins“ í huga unga fólksins sé að breytast og verða sveigjanlegra. Bíllinn gegni félagslegu hlutverki í ríkari mæli og sífellt fleiri vilji deila eignarhaldi á bíl með öðrum sem hafa svipaðar þarfir. Því fylgi bæði aukið frelsi og minni kostnaður. Ghosn segir að hinn splunkunýi Micra (sjá annars staðar á síðunni) sé kjörinn bíll fyrir þetta hlutverk enda búinn þeim tækninýjungum sem unga fólkið hafi mesta þörf fyrir. Nýr Nissan Micra er smíðaður í verksmiðju Renault í Flins skammt utan við París og er Micra fyrsti bíll Nissan sem smíðaður er hjá Renault. Fyrstu bílarnir fara á helstu lykilmarkaði í Evrópu um miðjan febrúar. BL fær fyrstu bílana í mars.



Renault Zoe rafmagnsbíllinn.

# NÝR RAFBÍLL MEÐ ALLT AÐ 400 KÍLÓMETRA DRÆGI

Viðskiptavinir BL fá fyrstu Renault ZOE rafmagnsbílana afhenta í lok þessa mánaðar. Bílaumboðið fær reynsluakstursbíl upp úr 20. febrúar og um sama leyti kemur sýningarbíll í salinn við Sævarhöfðann. Renault ZOE er mest seldi rafbíllinn í Evrópu og nú er hann kominn með nýja rafhlöðu sem hefur tvöfalt meira drægi en rafhlaða eldri bíla, eða allt að 400 km miðað við bestu aðstæður. Hjá BL kostar nýr ZOE Intens 3.690 þúsundir króna og er bíllinn mjög vel útbúinn. Meðal staðalbúnaðar má nefna umhverfishljóð fyrir gangandi vegfarendur, sjálfvirk halogen-aðalljós, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjara að aftan, regnskynjara á þurrkum, rafdrifna og hitaða aðfellanlega útispegla, leðurklætt aðgerðastýri, sjálfvirka miðstöð með loftkælingu og tímastilli, bremsu- og brekkuaðstoð, spólvörn, stöðugleikastýringu og dekkjaþrýstingskerfi. Einnig má nefna aðdráttar- og veltistýri, hraðastilli með hraðatakmarkara, Media Nav með 7" snertiskjá, leiðsögukerfi með Íslandskorti, USB- og AUX-tengi og margt fleira. Renault Zoe var valinn rafmagnsbíll ársins 2017 í Bretlandi af What Car?




**SETRA TOP CLASS** Öll sæti rútunnar eru búin tveggja punkta öryggisbeltum. Aftast í bílnum er eins konar setustofa, þar eru sex sæti umhverfis borð.

# Glæsilegasta rútubifreið landsins komin á götuna

Aftast í rútunni er eins konar setustofa fyrir sex farþega sem sitja umhverfis borð.

Servio fékk á dögunum glæsilega Setra Top Class rútubifreið afhenta hjá atvinnubíladeild bílaumboðsins Öskju. Þetta er að líkindum glæsilegasta hópferðabifreið landsins sem eykur enn á þá upplifun að ferðast um Ísland. Bifreiðin er rúmlega 13 metra löng og búin 29 farþegasætum klæddum leðri. Sætin eru einstaklega þægileg og mikið er lagt upp úr glæsileika, þægindum og ekki síst góðu plássi á milli sæta.

Öll sæti rútunnar eru búin tveggja punkta öryggisbeltum. Aftast í bílnum er eins konar setustofa, þar eru sex sæti umhverfis borð. Þar geta farþegar setið og notið ferðarinnar á allt annan hátt en við eigum að venjast í rútubifreið. Við hvert sæti er möguleiki á að hlaða smátæki með USB-tengjum, einnig eru 220 volta innstungur við hvert sæti.

### Mikil þægindi og öryggi innanborðs

„Það sem einkennir þessa rútu hvað mest er glerþak sem nær alveg enda á milli. Þaðan kemur nafnið Top Class. Þetta er eina rútubifreiðin á markaði í dag sem hefur upp á glerþak að bjóða. Þetta gerir allt yfirbragð rútunnar annað en farþegar



eiga að venjast og upplifun þeirra verður einstök. Í bílnum er salerni, kaffivél, ísskápur og öflug loftkæling. Vinnuaðstaða bílstjóra er mjög góð og mikið lagt upp úr þægindum við akstur og öryggi ökumanns,“ segir Sigurður Einar Steinsson, sölumaður hópbifreiða hjá atvinnubíladeild Öskju. Vél bílsins er rúm 500 hestöfl, lýtur Euro 6 staðli og er einstaklega hljóðlát og hagkvæm.

„Við hönnun rútunnar var mikið lagt upp úr þægindum og öryggi farþega. Að upplifun farþega verði einstök og eftirminnileg. Þetta hefur tekist vel og þykir Setra Top Class vera flaggskip rútubifreiða af þessu tagi,“ segir Sigurður. Setra er dótturfyrirtæki Daimler AG sem er framleiðandi Mercedes-Benz bíla. Mercedes-Benz er einmitt mest selda atvinnubílamerki heims.

### Glæsilegur bíll í flottan bílaflota

Servio er sérhæft fyrirtæki í lúxusakstri og öryggisgæslu en fyrirtækið er dótturfyrirtæki Securitas og hefur verið starfandi í þrjú ár. „Öryggi og þægindi ferðalanga er í fyrirrúmi og því er bílafloti Servio nýjustu gerðar þar sem gerðar eru miklar öryggiskröfur. Bílarnir eru Mercedes-Benz VIP Sprinter, S Class, E Class, V Class og Volvo S90. Síðan bætist þessi glæsilegi Setra Top Class lúxuslangferðabíll nú við bílaflotann okkar. Með þessari nýjustu viðbót er enn frekar aukið á þjónustuframboð Servio,“ segir Haukur B. Sigmarsson, framkvæmdastjóri Servio. „Servio er í samstarfi við öll helstu fyrirtæki í ferðaþjónustu á Íslandi, fyrirtæki í kvikmyndagerð og fyrirtæki í sérhæfðum viðburðum. Servio sinnir einnig einkaaðilum í heimsóknum á Íslandi. Fyrirtækið býður eigin ferðir að helstu náttúruperlum landsins ásamt því að aka gestum til og frá flugvelli og á milli staða meðan dvalið er á Íslandi. Servio býður lúxusakstur með bílstjóra til lengri eða skemmri tíma.

Ökumenn bílanna eru sérþjálfaðir, margir með áratuga reynslu úr löggæslu og öryggisvörslu og sinna hverju verkefni af fagmennsku. Þagmælsku og trúnaðar er gætt við alla viðskiptavini,” segir Haukur.

# Gerbreytt og stærri Micra

Ný kynslóð Nissan Micra var kynnt blaðamönnum í Dubrovnik í Króatíu fyrir skömmu og þar gat að líta svo gerbreyttan bíl að fæstum gæti dottið í hug að þar færi arftaki fyrri bíls. Oft hafa svo miklar breytingar á bílum ekki heppnast sem skyldi, en í tilviki Nissan Micra nú skal fullyrt að þar fer miklu betri og skemmtilegri bíll. Greinarritari var einn þeirra heppnu sem fengu að prófa þessa nýju kynslóð Micra í Dubrovnik og þar urðu ekki leiðinleg kynni. Hann er nú fyrsta sinni hannaður sérstaklega fyrir Evrópumarkað, en fram að þessu hefur stærð hans og hönnun öll miðað að bílamarkaði í Japan og á Indlandi. Fyrir það fyrsta hefur bíllinn lengst um eina 19 sentimetra, breikkað og lækkað, en hann mátti aldeilis við því að lækka til þaksins. Fyrir vikið er hér nú kominn mun fallegri bíll og hönnun Nissan hreint til fyrirmyndar.



### Ein jákvæðasta breyting á bíl á síðustu árum

Eiginlega má segja að ekki hafi sést meiri og jákvæðari breyting á einum bíl í talsvert langan tíma og víst að Nissan er með í höndunum bíl sem búast má við að slái í gegn í Evrópu. Ekki veitti af í tilfelli Micra þar sem sala hans í Evrópu hefur farið minnkandi á undanförnum árum og hann hefur verið eftirbátur flestra keppinauta sinna í álfunni. Það mun nú gerbreytast. Svo höfð séu eftir ummæli eins erlends blaðamanns um þessa kynslóðarbreytingu Micra: „From dull to daring, boring to bold.“ Undir það skal tekið. Micra er nú allt í einu troðinn nýjustu og bestu tækni Nissan og mun betur búinn en svo til allir keppinautar hans. Auk þess er hann sláandi fallegur, en forverinn var því miður sláandi ljótur. Að innan er bíllinn svo smartur að greinarritari hefur ekki séð annað eins í þessari stærð bíla og litaspilið og frágangur í fjölmörgum gerðum innréttinga hans hreint augnakonfekt. Nýr Nissan Micra er nú smíðaður í verksmiðju Renault í nágrenni Parísar, en fyrri gerð bílsins var smíðuð í Indlandi. Allt miðar því til Evrópu og er það ávísun á bæði gæði og þarfir Evrópubúa. Fljótlega mun birtast hér ítarleg reynsluakstursgrein um nýjan Nissan Micra.

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is, Sími 512 5457

Umsjón blaðsins
**Finnur Thorlacius**
finnurth@365.is



Útgáfufélag: 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000




VERÐ FRÁ:
**2.590.000** kr.
Eyðsla frá 3,5 l/100 | $CO_2$ losun frá 90 g/km

**FRELSI TIL AÐ FARA**
Gæði Peugeot 2008 heilla þig strax. Draumabíllinn þinn sem vilt sparneytinn, snaggaralegan bíl með mikla veghæð og háa sætisstöðu. Bíllinn sem veitir þér frelsi til að fara þangað sem þú vilt. Peugeot 2008 er glæsilegur bíll með mjúkum línum sem hentar við fjölbreyttar aðstæður. Peugeot 2008 er framdrifinn, duglegur í snjónum og með stórt farangursrými, 16,5 cm veghæð og innstigið er þægilegt því þú situr hærra. Puretech vélarnar eru þekktar fyrir sparneytni og fáanlegar bæði beinskiptar og sjálfskiptar.

PEUGEOT 2008

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



## Breska Zenos gjaldþrota

Heimur smárra sportbílaframleiðenda varð enn smærri í vikunni þar sem breski sportbílaframleiðandinn Zenos lýsti yfir gjaldþroti og leitar nú fjárfesta til að bjarga tilvist sinni. Fyrirtækinu er nú stjórnað af Begbies Traynor LLP í London en það sérhæfir sig í endurreisn gjaldþrota fyrirtækja. Eflaust kannast ekki margir við Zenos-bílaframleiðandann en margir slíkir litlir bílaframleiðendur fyrirfinnast þó. Zenos á sér ekki langa sögu, eða frá árinu 2012 og var stofnað af verkfræðingum sem unnið höfðu hjá sportbílafyrirtækjunum Lotus og Caterham. Fyrsti bíll Zenos var E10 og honum fylgdu svo enn öflugri E10 S og E10 R bílar. Allir þessir bílar voru litlir og léttir og enginn þeirra þyngri en 725 kíló. Þeir eru þó afar snarpir með 200 til 350 hestafla vélar sem fengnar voru hjá Ford, meðal annars 2,3 lítra EcoBoost-vélin úr Ford Focus ST. Með henni var Zenos E10 R aðeins þrjár sekúndur í hundraðið og hámarkshraðinn 250 km/klst. Vélarnar voru miðjusettar í bílunum og þeir afturhjóladrifnir. Zenos-bílar voru alls ekki ódýrir og kostuðu frá 5,3 milljónum króna og skýrir það ef til vill af hverju fyrirtækið er nú gjaldþrota.

# Er þörf fyrir vöktun með myndavélum í umferðinni?

Myndavélar geta komið sér vel þegar óhapp verður og bíleigandinn þarf að sanna mál sitt fyrir tryggingarfélagi.



Bílamyndavél eins og títt er að rússneskir bílaeigendur nýti sér.

Hver kannast ekki við myndbönd af óhöppum í umferðinni sem flæða yfir veraldarvefinn? Oftar en ekki eiga þessi myndbönd uppruna sinn í Rússlandi og það er góð ástæða fyrir því. Þar í landi eru margir sem keyra ótryggðir og auk þess er talsvert um að gangandi vegfarendur reyni jafnvel að kasta sér í veg fyrir bílaumferð í von um veglegar tryggingarbætur. Þess vegna verja margir sig í Rússlandi með því að nota myndbandsupptökuvélar í bílum sínum sem taka upp allt það sem gerist meðan bíllinn er á ferð. Sumar þessara myndavéla eru meira að segja með hreyfiskynjurum og geta tekið upp um leið og þær nema hreyfingu fyrir utan bílinn. Í Rússlandi blómstrar því markaður fyrir slíkar vélar og það kemur ekki á óvart að margar þær vélar og hugbúnaður sem eru á boðstólum koma einmitt frá Rússlandi. Ein slík vél hefur verið til prófunar hérlendis í vetur og hugbúnaðurinn sem fylgdi vélinni var einmitt rússneskur.

### Geymir 16 klst. af efni

Street Guardian myndavélin sem prófuð var er áströlsk að uppruna. Vélin sem slík er ekki fyrirferðarmikil og lítið mál að koma henni fyrir, venjulega bak við baksýnisspegil þar sem hún heftir ekki útsýni ökumannsins. Einnig fylgir henni staðsetningarbúnaður svo hægt sé að sýna raunhraða og staðsetningu bílsins með mikilli nákvæmni. Einmitt þessi búnaður gæti komið sér vel þegar óhapp verður og bíleigandinn þarf að sanna mál sitt fyrir tryggingarfélagi. Með vélinni fylgir 32 gígabæta minniskort en kaupa má allt að 128 gígabæta kort sem geymir þá yfir 16 klukkustundir af efni. Með því að ýta á einn takka á vélinni vistar hún einnig sérstaklega nokkurra mínútna myndskeið. Með því að tengja vélina beint við rafkerfi bílsins kveikir hún á sér sjálf og hefur strax upptöku, svo aldrei þarf að hafa áhyggjur af því að gleyma að kveikja á vélinni. Hún virðist þola vel íslenskar aðstæður og frost og einnar og hálfrar tommu litaskjárinn sýnir skýra mynd ef kveikt er á honum.

Fyrirtækið Sportmyndavélar er með svona vélar til sölu hérlendis fyrir þá sem telja að þeir geti haft not fyrir slíka vél.


KIA

Notaðir bílar

3 til 6 ára ábyrgð fylgir!



5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ

**Kia cee'd LX 1.4**

Árgerð 4/2015, ekinn 35 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla frá 4,2 l/100 km.

Raðnúmer: 320333

**2.590.000 kr.**

21.400 kr. á mánuði*



5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ

**Kia cee'd EX 1.6**

Árgerð 9/2015, ekinn 9 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, beinskiptur, eyðsla frá 4,2 l/100 km.

Raðnúmer: 290535

**2.990.000 kr.**

24.800 á mánuði*



5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ

**Kia Soul EX**

Árgerð 6/2015, ekinn 70 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 5,2/100 km.

Raðnúmer: 290627

**2.590.000 kr.**

21.460 kr. á mánuði*



5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ

**Kia Soul EX**

Árgerð 12/2015, ekinn 27 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 5,2 l/100km.

Raðnúmer: 170228

**3.150.000 kr.**

25.800 kr. á mánuði*



6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ

**Kia Sportage GT Line 4WD**

Árgerð 2/2016, ekinn 15 þús. km, bensín, 1.591 cc, 177 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 7,5 l/100 km.

Raðnúmer: 170266

**5.790.000 kr.**

47.400 kr. á mánuði*



5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ

**Kia Sportage EX 4WD**

Árgerð 11/2015, ekinn 69 þús. km, bensín, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 5,9 l/100 km.

Raðnúmer: 992224

**4.590.000 kr.**

37.900 kr. á mánuði*



5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ

**Kia Sorento EX Luxury**

Árgerð 3/2015, ekinn 50 þús. km, dísil, 2.199 cc, 200 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 6,7 l/100 km.

Raðnúmer: 320412

**6.290.000 kr.**

51.500 kr. á mánuði*



4 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ

**Kia Sorento EX Luxury**

Árgerð 12/2014, ekinn 84 þús. km, dísil, 2.199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 6,7 l/100 km.

Raðnúmer: 320045

**5.390.000 kr.**

43.900 kr. á mánuði*

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 84 mánuði. Vextir 8,50% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,30%. Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar.

ASKJA

NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Klettháls 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16


SUZUKI
Way of Life!
LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG
SUZUKI 4X4
VITARA S
ALLGRIP
VITARA
ALLGRIP
S-CROSS SX4
ALLGRIP
Jimny
SWIFT
SUZUKI 4X4 FJÖLSKYLDAN
Fjölbreytt úrval af fjórhjóladrifsbílum
í öllum stærðum og við allra hæfi.
Láttu ekkert stoppa þig.
ALLGRIP
4WD All-grip skapar akstursseiginleika í sérflokki.
KOMDU
Í HEIMSÓKN
OG KYNNTU
ÞÉR ÚRVALIÐ
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

KOSTIR OG GALLAR

## LEXUS IS 300H

- BENSÍNVÉL MEÐ HYBRID
- 223 HESTÖFL
- AFTURHJÓLADRIF

**Eyðsla** 4,2 l/100 km í bl. akstri
**Mengun** 97 g/km $CO_2$
**Hröðun** 8,3 sek.
**Hámarkshraði** 200 km/klst.
**Verð frá** 5.810.000 kr.
**Umboð:** Lexus á Íslandi

- Útlit
- Búnaður
- Verð
- Innrétting

- Finna má sportlegri aksturseiginleika keppinauta




**LEXUS IS 300H** hefur frá upphafi verið einstaklega eyðslugrannur bíll með sinni skilvirku hybridtækni þrátt fyrir stærðina.




# Lúxus IS 300h færður á hærra stig

Lexus IS 300h hefur nú fengið andlitslyftingu en er þó ekki mikið breyttur í útliti. Aðalbreytingin nú er fólgin í breyttri fjöðrun og stýringu og stífari og þéttari akstursbíl sem nú sem fyrr er hlaðinn lúxus. Sem fyrr fallegur bíll en nú ennþá fríðari.

**LEXUS IS 300H**

**Finnur Thorlacius** reynsluakstur

Núverandi kynslóð Lexus IS 300h er sú þriðja og kom fram árið 2013. Því má segja að komið hafi verið að andlitslyftingu á þessum eigulega bíl og einmitt það hefur Lexus nú gert. Í tilefni þess var bílablaðamönnum alls staðar að úr heiminum boðið að prófa bílinn í Róm á Ítalíu. Ekki telst það slæmt staðarval og hreint ágætlega við hæfi fyrir svo virðulegan bíl. Undirritaður hafði prófað núverandi kynslóð Lexus IS 300h í ítarlegum reynsluakstri fyrir hartnær fjórum árum og líkað einstaklega vel. En skyldi mikið hafa breyst síðan þá? Hvað ytra útlit bílsins varðar er breytingin ekki svo mikil, helst þó á framanverðum bílnum en hann hefur fengið enn stærra grill, ný aðalljós og línurnar á hliðunum hafa fengið enn sterkari svip. Í raun þarf glöggskyggni til að greina á milli fyrri gerðar og þeirrar nýju frá flestum hliðum, en til hvers að breyta því sem svo vel leit út áður. Lexus IS 300h var og er mjög fallegur bíll og fágað útlit hans er algjörlega í stíl við gæði hans að öðru leyti, því að hér fer mikill eðalfákur sem þó verður að teljast af minni gerð lúxusbíla, enda á hann mun stærri bræður í GS og LS bílunum.

### Gerbreytt fjöðrun og stýring

Breytingarnar á andlitslyftum Lexus IS 300h eru mun frekar fólgnar í fjöðrun bílsins og stýringu, tæknibúnaði og öryggisbúnaði en í útliti hans. Fjöðrun bílsins er algerlega endurhönnuð og hver íhlutur þar nýr, allt til að auka á aksturshæfni bílsins og reyndar í leiðinni til að létta bílinn. Stýrisbúnaður bílsins hefur einnig verið endurhannaður og fyrir vikið er stýringin nákvæmari og betri og stífni bílsins hefur aukist umtalsvert með endurhannaðri fjöðrun. Fyrir þessu fannst mjög greinilega og því hefur hinn ljúfasti akstursbíll orðið að flennigóðu aksturstæki. Feikilega gaman var að aka bílnum í nágrenni höfuðborgarinnar og hlykkjóttir vegirnir urðu að uppáhaldi því henda mátti bílnum á dágóðri ferð í beygjurnar

> Fjöðrun bílsins er algerlega endurhönnuð og hver íhlutur þar nýr, allt til að auka á akstursæfni bílsins og reyndar í leiðinni til að létta bílinn. Stýrisbúnaður bílsins hefur einnig verið endurhannaður og fyrir vikið er stýringin nákvæmari og betri og stífni bílsins hefur aukist umtalsvert með endurhannaðri fjöðrun.

án þess að nokkrum væri ofboðið og þá allra síst veggripi bílsins. Sérstaka athygli vakti hve bíllinn virkaði stífur og þéttur en Lexus segir að með breyttum fjöðrunar- og stýrisbúnaði, sem er að mestu leyti úr áli, hafi stífni bílsins aukist um 49 prósent og munar um minna. Svo er einnig gaman að finna muninn á akstri bílsins eftir akstursstillingum, en sportlegastur er hann í Sport S+ stillingunni, en velja má um fimm stillingar.

**Fáránlega lítil eyðsla**

Vélbúnaður í IS 300h hefur ekki breyst með þessari andlitslyftingu, en í bílnum er áfram 4 strokka og 2,5 lítra bensínvél og rafmótorar hybrid-kerfisins auka afl hennar frá 181 hestafli í 232 hestöfl. Þessi vélbúnaður dugar til að koma bílnum úr kyrrstöðu í 100 km hraða á 8,3 sekúndum, svo hér fer enginn letingi. Lexus IS má einnig fá án hybrid-kerfis og þá með 2,0 lítra vél með forþjöppu, 245 hestafla og heitir bíllinn þá IS 200t. Sá bíll er sneggri, eða aðeins 7,0 sekúndur í hundraðið, en ekki eins sparneytinn bíll og dýrari sökum hærri mengunartölu. Því hefur IS 300h bíllinn svo til eingöngu selst hér á landi og má búast við því að svo verði áfram. Ef taka ætti sérstaklega út einn af fjölmörgum kostum Lexus IS 300h þá væri það fáránlega lítil eyðsla bílsins. Uppgefin eyðsla hans í blönduðum akstri er 4,2 lítrar og bæði af fyrri reynslu og reynsluakstrinum nú má nefna að hreinlega er erfitt að ná eyðslunni upp fyrir 6 lítra þó vel sé tekið á bílnum. Það er fáheyrt fyrir svo myndarlegan bíl. Mengunartalan er líka athyglisverð, eða 97 g $CO_2$/km.

**Ríkulegt innanrými**

Sem fyrr er innanrými Lexus IS 300h ríkulegt og fágað og fátt til sparað í efnisvali. Breytingarnar eru þó ekki mjög dramatískar, en fyrst er þó að nefna að upplýsingaskjárinn á miðju mælaborðinu hefur stækkað úr 7 tommum í 10,3 tommur. Minniháttar breytingar eins og betri staðsetning flöskuhaldara, betri armhvíla og lasergeislaskorinn harðviður og fleiri úthugsuð smáatriði bæta svo enn um betur. Frábært Yamaha-hljóðkerfi er rúsínan í pylsuendanum og undirstrikar að hér fer bíll í lúxusflokki og enn betur má reyndar gera með sérpöntuðu Mark Levinson-hljóðkerfi með 15 hátölurum og þá er bíllinn orðinn að hljómleikahöll. Rétt er að benda á það að IS bíllinn var hannaður fyrir Evrópumarkað og uppfyllir ströngustu kröfur Evrópubúa, en flestir aðrir fólksbílar Lexus eru hannaðir með Ameríkumarkað í huga. Lexus hefur selt eina milljón IS bíla frá tilkomu hans árið 1999 og víst er að enn á hann eftir að seljast vel, bæði hér á landi og annars staðar. Ekki sakar verð hans, eða 5,8 milljónir króna og fyrir það fæst mikið; akstursánægja og endalaus lúxus. Erfitt er að draga fram ókosti þessa bíls en sportlegri akstursinginleika má finna í sumum bílum í sama stærðarflokki lúxusbíla.






**SKARPAR LÍNUR**

Bílar Lexus hafa á undanförnum árum fengið skarpari línur

**LÚXUS-INN-RÉTTING**

er í IS 300h eins og í öllum gerðum Lexus bíla og hvergi slegið af gæðum

**UPPLÝSINGA-SKJÁRINN**

stækkar úr 7 tommum í 10,3 tommur


SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR



**SUZUKI Grand Vitara Premium.** Skr. 05.2011, ekinn 135 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 2.050.000.** Rnr.100656.



**SUZUKI Kizashi AWD.** Skr. 01.2013, ekinn 26 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga o.fl. **Verð 3.750.000.** Rnr.100670.



**SUZUKI Swift GL 4x4.** Skr. 06.2015, ekinn 41 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 2.170.000.** Rnr.101377.



**SUZUKI SX4 GLX.** Skr. 05.2012, ekinn 93 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 2.150.000.** Rnr.101449.



**SUZUKI S-Cross GL 2WD.** Skr. 12.2015, ekinn 6 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 3.150.000.** Rnr.101422.



**SUZUKI Grand Vitara Limited.** Skr. 01.2013, ekinn 68 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, sóllúga, dráttarbeisli. **Verð 3.380.000.** Rnr.101478.



**HONDA Jazz Elegance.** Skr. 05.2014, ekinn 42 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.480.000.** Rnr.101430.



**HONDA Accord Lifestyle.** Skr. 07.2013, ekinn 47 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.350.000.** Rnr.101283.



**CHEVROLET Cruze.** Skr. 12.2014, ekinn 18 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 2.980.000.** Rnr.101404.

SUZUKI

Komdu og skoðaðu úrvalið

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

# Driftað á Subaru í Rovaniemi

Fátt er meira spennandi fyrir bílaáhugamenn en að aka allt að 300 hestafla fjórhjóladrifnum Subaru-bíl í snjónum í Rovaniemi í norðurhluta Finnlands. Það bauðst þó íslenskum ökumönnum fyrir skömmu og driftið fékk nýja merkingu.


Subaru WRX STI er stórkostlegur bíll til að reyna hæfileika sína á í driftinu í snjónum.

Ef allir Íslendingar fengju að skreppa til Rovaniemi í Finnlandi og leika sér á Subaru-bíl í snjónum þar væri landinn örugglega mun hæfari til vetraraksturs. Að minnsta kosti á það við greinarritara, en hann naut þess fyrir stuttu að aka hinar ýmsu þrautabrautir sem þeir Subaru-menn höfðu lagt rétt fyrir utan vetrarborgina finnsku, en hún liggur akkúrat á norðurheimskautsbaugnum, líkt og Grímsey. Rovaniemi er reyndar eins konar heimavöllur vetraraksturs og þar hafa heimamenn og bíla- og dekkjaframleiðendur útbúið frábærar brautir til að reyna getu bíla í akstri í snjó og ekki skortir fjölbreytnina í lagningu brautanna, hæfni kennaranna þar og fjölda gesta sem heimsækja Rovaniemi til að reyna hæfni sína.

## Rovaniemi sem heimavöllur fyrir Subaru

Bílar Subaru eru einkar heppilegir til slíks aksturs, þeir eru allir fjórhjóladrifnir, ef undan er skilinn sportbíllinn Subaru BRZ sem framleiddur var í samstarfi við Toyota, allir eru þeir frekar háir undir lægsta punkt, allir fremur léttir og því mjög hentugir til að leika sér á í snjónum. Það var heldur ekki leiðinlegt að kynnast getu þeirra við þessar aðstæður og hvað mátti bjóða þessum hæfu bílum. Ferðalagið til Rovaniemi er langt þó að borgin teljist á Norðurlöndunum, en fyrst varð að fljúga til höfuðborgarinnar Helsinki og þaðan taka flug til á Rovaniemi, sem tók furðu langan tíma.

## Drift á 300 hestafla Subaru WRX STI

Akstursdagurinn var hreint ævintýri og fjórskiptur að því leyti að um fjórar brautir var að ræða og í hverri þeirra mátti kynnast hæfni bílanna við ólíkar aðstæður. Fyrst brautanna hjá okkur Íslendingunum var driftbraut, hrikalega skemmtileg og ekki skemmdi bílaúrvalið. Fyrstan þarf að telja Subaru WRX STI bíl, 300 öskrandi hestöfl og endalaust grip, því hann var á nettum nöglum. Til taks voru einnig Subaru BRZ, Subaru Levorg og Subaru XV. Vart þarf að taka það fram að skemmtilegast var að leika sér á Subaru WRX STI bílnum og hægt að fara brautina hraðast á honum og með mestum tilþrifum. Svo til aldrei var bíllinn beinn á braut og listin mest fólgin í því að aka bílnum á hlið gegnum alla brautina. Alls ekki leiðinleg iðja það.


Subaru BRZ var alls ekki slæmt ökutæki heldur í snjónum í Rovaniemi.

## Löðursveittir af spenningi

Eftir örfáar mínútur stigu ökumenn löðursveittir út úr bílunum eftir átökin, sveittir eftir spenninginn og átökin við stýrið og pedalana. Það er eiginlega ekki hægt að biðja um það skemmtilegra. Meira að segja var í góðu lagi að fara að mörkum getu bílsins og tefla á tvær hættur því mjög óvarlega þurfti að fara til að vefja bílnum um nærliggjandi tré, en þess var gætt að dágóður spotti af djúpum snjó væri á milli brautar og trjáa. Þó mátti litlu muna að svo færi einu sinni, en það skilgreindum við landarnir að væri eingöngu gert til að stækka brautina! Oft mátti heyra mikil öskur um borð í bílunum og stundum erfitt að greina á milli hræðsluópa og gleðistuna yfir á stundum vel heppnuðum akstri. Þessa upplifun þarf hver bílaáhugamaður að reyna áður en yfir lýkur. Það er reyndar hægt að kaupa sér reynsluakstur á margs konar bílum í Rovaniemi og bent á netið í því sambandi.

## „Handling, Performance og Forest drive“

Þá voru eftir fjórar mismunandi brautir sem báru nöfnin Handling, Performance og Forest drive. Það verður að segjast að ekki vorum við hættir að drifta í Handling-brautinni og náðum líklega enn meiri tökum á driftinu fyrir vikið. Hún var þó ekki eins löng og Drifting-brautin og því náðist ekki eins mikill hraði í henni, en skemmtileg samt. Þá tók við nokkurs konar torfærubraut þar sem bíllinn fékk stundum að missa grip á sumum hjólum og kom þá magnað fjórhjóladrif Subaru vel í ljós. Að endingu kom svo að miklum skógarakstri, nokkuð langri leið þar sem svo torfært var að einn leiðangursstjórinn festi bíl sinn fljótt. Það kom þó ekki fyrir hina íslensku ökumenn, enda ansi vanir snjónum hér á landi. Dagurinn endaði svo með veglegum kvöldverði í mikilli íshöll þar sem setið var á klakasætum með hreindýrshúðum á.






GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

KOSTIR OG GALLAR
## VOLVO V90

- DÍSILVÉL
- 235 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla** 4,9 l/100 km í bl. akstri
**Mengun** 129 g/km $CO_2$
**Hröðun** 7,0 sek.
**Hámarkshraði** 250 km/klst.
**Verð frá** 7.290.000 kr.
**Umboð:** Brimborg

Kostir:
- Útlit
- Akstureiginleikar
- Öryggi
- Búnaður

Gallar:
- Engar bensínútgáfur í boði
- Erfitt að ná uppgefinni eyðslu



VOLVO V90
Leysir af hólmi V70 langbakinn og eins og sést hefur Volvo lukkast vel við teikniborðið.
MYND/GVA

# Volvo V90 ryður nýjar brautir

Volvo V90 er með fallegustu bílum götunnar, troðinn nýjasta tæknibúnaði og aldrei þarf að efast um öryggi bíla Volvo. Akstursánægjan er auk þess ómæld í þessum stefnumarkandi bíl sem setur ný viðmið fyrir samkeppnina. Hefur nú þegar verið hlaðinn verðlaunum og hrósi.

**VOLVO V90**

**Finnur Thorlacius** reynsluakstur

Sala stórra langbaka hefur verið á hröðu undanhaldi í heiminum á undanförnum árum, en það er ekki vegna þess að þar fari ópraktískir bílar. Ástæðan liggur mun frekar í því að bílkaupendur hafa í æ meiri mæli hallað sér að jepplingum og jeppum er kemur að stærri bílum sem tekið geta mikinn farangur. Þeir hinir sömu þurfa þó í leiðinni að sætta sig við verri aksturseiginleika því jeppar og jepplingar ná seint þeim aksturseiginleikum sem góðir fólksbílar búa yfir. Það er því fagnaðarefni að Volvo hefur ekki sagt skilið við bíla eins og V90 langbakinn. Hann er sem betur fer framleiddur samhliða S90 fólksbílnum sem flokkast sem „sedan“ bíll með skotti. Volvo V90 og S90 bílarnir leystu af Volvo S80 og V70 bílana og voru þeir kynntir til leiks á seinni hluta síðasta árs. Það er þó dagljóst að Volvo hefur ekki helst hugsað til Bandaríkjamarkaðar með framleiðslu V90 langbaksins því þar í landi er afar lítill markaður fyrir langbaka. Svo rammt kveður að því þar að bæði BMW og Mercedes Benz hafa hætt að selja langbaksgerðir sínar þar í landi og Cadillac hefur hætt við smíði allra langbaka, þeir einfaldlega seljast ekki.

### Ógnarfallegur, innan sem utan

Volvo V90 og S90 eru stærstu fólksbílar sem Volvo smíðar og báðir afar myndarlegir vagnar, eins og flest nýtt sem frá Volvo kemur þessa dagana. Það verður ekki annað sagt en að Volvo V90 sé einfaldlega gullfallegur bíll, sem mörgum finnst slá við þýskum samkeppnisbílum sínum í útliti. Þó svo V90 og S90 bílarnir séu báðir mjög svo fallegir bílar þá er það skoðun undirritaðs að V90 langbakurinn sé þeirra fríðari og á það gjarnan við langbaksgerðir bíla. Það er ekki bara ytra útlit V90 sem er sláandi fallegt heldur á það einnig við innanrými bílsins. Þar ræður glæsileikinn ríkjum en í leiðinni skandinavískur einfaldleiki. Innanrými V90 og S90 bílanna er næstum eins og í jeppanum XC90 og er þar ekki leiðum að líkjast og hefur innrétting þeirra allra verið mærð og verðlaunuð frá komu þeirra.

### Bara dísilvélar í boði

Vélarnar sem eru í boði í Volvo V90 á Íslandi eru því miður allar dísilvélar, 150, 190 og 235 hestafla og allar aðeins 2,0 lítra. Bera þær nöfnin D3, D4 og D5. Volvo mun einnig bjóða V90 og S90 bílana í T8 útgáfu sem er 407 hestöfl og knúin bensínvél og rafmagnsmótorum. Þannig búnir eru þessir bílar orðnir að hreinræktuðum spyrnukerrum. Í reynsluakstri V90 að þessu sinni var 235 hestafla vélin undir húddinu og alveg óhætt er að segja að þar fari góður vélarkostur sem færir bros á andlit ökumanns. Með henni er alltaf nægt afl til taks og bíllinn togar eins og enginn sé morgundagurinn. Þrátt fyrir allt þetta afl og 480 Nm tog er uppgefin eyðsla 4,9 lítrar á hverja 100 ekna kílómetra. Ekki náðist nú alveg sú tala í reynsluakstrinum, en bíllinn var með milli 7 og 8 lítra í eyðslu þó svo aksturinn færi að mestu fram á ágætum vegum Suðurlandsins, allt upp að Gullfossi. Þó nokkru munar á verði D3, D4 og D5 útgáfa V90. Ódýrasta útgáfan, D3 kostar frá 7.290.000 krónum en sú dýrasta, D5 í Inscription útfærslu kostar 9.290.000 kr. eða tveimur milljónum meira. Verð T8 útgáfunnar er óljóst enn.

### Rafdrifnar tvær forþjöppur

Átta gíra sjálfskipting er tengd við dísilvélarnar í D4 og D5 útgáfunum, en 6 gíra sjálfskipting í D3 útgáfunni. Sú átta gíra reyndist mjög vel í reynsluakstrinum og skilaði miklu afli vélarinnar hnökralaust á öllu snúningssviðinu. Mikið afl dísilvélarinnar í D5 útgáfunni skýrist að miklu leyti af því að við hana eru tengdar tvær forþjöppur og rafdrifið kerfi sér um að fóðra þær lofti við inngjöf og með því gætir svo til einskis forþjöppuhiks og viðbragðið því hreint með ágætum. Eftirtektarvert er hve þessi vél er hljóðlát og vart hægt að finna þessu jöfnuð í nokkrum öðrum dísilbíl keppinautanna. Aksturseiginleikar V90 eru frábærir og guð hvað þessi bíll fer vel með farþega sína alla, ekki síst vegna frábærra sæta bílsins. Flutningsrými V90 er gott og ætti að duga flestum 363 daga ársins, en þó verður að segja að bilið milli gólfs og þaks í rýminu sé ekki sérlega mikið. Það er langt í frá slæmur kostur að geta keypt einn fallegasta bíl götunnar í dag og í leiðinni einn þann stærsta í fólksbílaflokki á rúmlega 7 milljónir króna. Þó mun það vafalaust freista margra að bæta við tveimur milljónum og fá þá bílinn með öskrandi afli og í sparifötunum. Fyrir þá milligjöf má þó kaupa eins og einn smábíl. En þegar öllu er á botninn hvolft eru allar útgáfur þessa ógnarfallega bíls verðar síns virði. Þessi bíll er rós í hnappagat Volvo og viðmið fyrir aðra bílaframleiðendur.







**SÆNSKI FÁNINN**
fær sinn sess á hliðum framsæta bílsins

**INNRÉTTINGIN**
í Volvo V90 er í einu orði sagt stórglæsileg en um leið í anda skandinavískrar naumhyggju

**EFNISVAL**
er allt hið vandaðasta og hvergi til sparað við að gera þennan lúxusbíl sem best úr garði


HONDA
The Power of Dreams
EINSTAKUR
Á ALLA VEGU
JAZZ
Bíll á mynd: Honda Jazz Elegance
Það er ekki að ástæðulausu sem nýr Honda Jazz fékk verðlaunin Besti bíllinn í sínum flokki af Euro NCAP! Í Jazz færðu ekki aðeins mesta fáanlega öryggi sem bíll í þessum stærðarflokki býður uppá! Þú færð einnig ríkulegan staðalbúnaði og eitt mesta rými fyrir farþega og farangur sem þekkist í bílum í þessum flokki! Ekki skemmir fyrir að Jazz er einstaklega hagkvæmur í rekstri en hann eyðir aðeins frá 4,6 L/100km í blönduðum akstri!* Jazz er frábær kostur fyrir þá sem vilja viðhaldslítinn og endingargóðan bíl en Jazz er fyrir löngu orðinn þekktur fyrir áræðanleika og hátt endursöluverð.
Kynntu þér Jazz verðlaunabílinn frá Honda,
einum áræðanlegasta bílaframleiðanda heims!
Honda Jazz
kostar frá kr. 2.840.000
MEÐ SJÁLFSKIPTINGU
www.honda.is
BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



## BMW með þrenn verðlaun hjá What Car?

Nýlega kynnti breska bílaveftímaritið What Car? úrslit í keppni um útnefningar á bestu bílunum á breska markaðnum og er óhætt að segja að BMW hafi komið þar vel út. Hinn nýi og sívinsæli BMW 5, sem á sér langa og rótgróna sögu hjá BMW og nú er verið að kynna í nýjustu útgáfu á helstu lykilmörkuðum heims, fékk þar tvenn verðlaun og rafmagnsbíllinn önnur. Þannig útnefndi tímaritið BMW 5 Series Sedan „Bíl ársins 2017“ í Bretlandi og auk þess „Besta lúxusbílinn“ á markaðnum. Þá hlaut rafmagnsbíllinn BMW i3 verðlaun sem besti rafmagnsbíllinn í sínum verðflokki, en aðalverðlaun rafmagnsbíla hlaut Renault ZOE, mest seldi rafmagnsbíllinn í Evrópu.

## AÐDÁENDUR RENAULT ALPINE GETA GLAÐST Á NÝ



Aðdáendur hins goðsagnakennda sportbíls Renault Alpine geta nú glaðst á ný því að nýr og glæsilegur sportbíll frá framleiðandanum lítur dagsins ljós síðar á þessu ári. Renault hefur ákveðið að fyrstu 1955 bílarnir verði í sérstakri númeraðri viðhafnarútgáfu til minningar um frumkvöðul Alpine, Jean Rédélé, sem stofnaði fyrirtækið samnefnt ár. Nýr Alpine er sannur sportbíll í anda helstu keppinauta sinna og fer úr kyrrstöðu í 100 km/klst. á 4,5 sekúndum. Afhending fyrstu bílanna hefst síðar á þessu ári, en einungis íbúum þrettán Evrópuríkja auk Japans gefst kostur á að panta fyrirfram eintak á netinu þar sem reiða þarf fram tvö þúsund evrur í fyrirframgreiðslu.



## Mynd af nýjum McLaren 720S lak út á netið

McLaren hefur að undanförnu verið að sýna McLaren bileigendum sína nýjustu afurð, McLaren 720S, sem leysa mun af hólmi McLaren 670S. Svo virðist sem einn gestanna hafi ekki staðist mátið og smellt af bílnum mynd, vafalaust í mikilli óþökk McLaren manna. Myndina birti hann síðan á Instagram-síðu sinni og fer hún nú um netheima á ógnarhraða, en er eins og sést ekki í hárri upplausn. Eins og vanalega bendir nafn bílsins til þess hve öflugur hann er, eða 720 hestöfl. Það átti líka við 650S og 670S bílana. Aflið kemur frá 3,8 lítra V8 vél með tveimur forþjöppum. Talsvert mikil breyting er á ytra útliti bílsins frá 670S bílnum. Framljósin eru ekki lengur í laginu eins og búmerang og þaklínan er afar blöðrulaga og minnir á Pagani bíla. McLaren ætlaði fyrst að sýna 720S bílinn á bílasýningunn i í Genf í mars komandi og væntanlega hefur alls ekki staðið til að gestir þar gengju að því vísu hvernig bíllinn lítur út fyrirfram. McLaren hefur á allra síðustu árum stóraukið framleiðslu sína á bílum fyrir almenning, en fyrirtækið er hvað þekktast fyrir Formúlu 1 bíla sína og góðan árangur þeirra á árum áður í keppni þar. Fyrir ekki svo mörgum árum voru aðeins nokkur hundruð bíla sem rötuðu í hendur almennings, en svo mikil eftirspurn hefur orðið á allra síðustu árum fyrir ofurbíla eins og McLaren smíðar að salan var komin yfir 2.000 bíla í fyrra og þeir McLaren menn stefna enn hærra og hyggjast auka framleiðslu sína verulega á næstunni.




VERÐHRUNIÐ
ER HAFIÐ!
60% afsláttur
af fatnaði og skóm
Verðdæmi:
Rofa kápa verð áður ~~32.980~~ nú 13.192
Nero Giardini skór verð áður ~~27.980~~ nú 11.192
TUZZI ullartréfill
með ekta loðfeldi verð áður ~~29.980~~ nú 11.992
Lindon stretchbuxur
(valdir litir) verð áður ~~8.980~~ nú 2.980
Gerke buxur verð áður ~~14.980~~ nú 5.992
Elinette kjóll verð áður ~~22.980~~ nú 9.192
hjá Hafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**4X4 / DIESEL !**
AUDI A7 Sportback Quattro Diesel 04/2012 ek 62 þ.km Bíll hlaðinn búnaði ma Leður, 20" Sline felgur sumar og vetrard. Ofl Verð 6.9 mil Skipti möguleg



Suzuki Swift GL 4WD 06/2013 ek 54 þ.km , snyrtilegur bíll verð 1750 þús ! Skipti möguleg



**GLÆSILEGUR !**
Volvo XC90 T8 Hybrid Inscription 2017 ek 1 þús / Einn með öllu, einnig rafm.krókur, bakkmyndavel ofl. Okkar verð 11.4 mil ! Skipti möguleg

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**SÆNSKUR !**
Volvo V70 DIESEL 10/2015 ek 37 þ.km Vel búið og flott eintak , lækkað verð 4.290 þús !!! Skipti möguleg

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**bilauppbod.is**

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**



## Bílar til sölu



Til sölu Toyota Yaris árg 99 ek. 162 þús beinsk 1,0 vetrardekk nýr rafgeymir og alternator bíll í toppstandi verð 290 þús gsm 8682352

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar

**VAKA**



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

## Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is




## Húsaviðhald




Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar




**SÁ SÍMASPÁ Í**
**S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

Símaspá, spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

## Rafvirkjun

**DYRASÍMAR, LJÓS-NET.**
**777 4944**
Viðgerðir og endurnýjun. Rafeindameistarinn ehf

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**






## HEILSA

### Nudd

Býð upp á heilnudd og slökun. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. 201 Kóp. S. 894 4817

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www. tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Til leigu glæsileg ný 99fm 3ja herb íbúð í Mosfellsbæ. 210þús. Innifalið heimilistæki, hússjóður og stæði í bílakjallara. Langtímaleiga. Hafið samband í dag eftir kl.17:00. Björk s.869-2242

### Húsnæði óskast

Hús óskast til leigu helst á höfuðborgarsv. en má vera á suður eða vesturlandi. 250-350 þús á mán. Fyrirfram og/eða trygging, langtíma upp: 6996762/Tómas

Feðgar óska eftir 3+ herberg. íbúð helst í Breiðholti. Erum með smáhund. Nánari uppl í s.8682953/6901303

### Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU**

Hæð 343.4 m2 miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu, gæti hentað t.d. tannlæknum, sálfræðingum og annari starfssemi.

Með síma og tölvulögnum. Nóg af gjaldfrjálsum bílastæðum. Sanngjörn leiga.

**Nánari upplýsingar í s. 898 4900**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## ATVINNA

### Atvinna óskast

Smiður óskar eftir vinnu. Áhugasamir hafið samband í s. 847 0638.

### óskast til leigu

# Íbúð óskast

Þrigga manna fjölskylda óskar eftir 3 til 4 herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Reglusemi og öruggum greiðslum heitið. Meðmæli ef óskað er. Upplýsingar í síma 760 2654. Jóhann

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Blikanes 6
**Einbýlishús á sunnanverðu Arnarnesi**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.15 - 17.45**




Bjart og vel skipulagt 235,0 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum tvöföldum 39,6 fm. bílskúr á sunnanverðu Arnarnesi. Stórar samliggjandi stofur, rúmgott eldhús með miklum upprunalegum innréttingum. Þrjú svefnherbergi. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Lóðin er í góðri rækt. Innkeyrsla er steypt og stétt fyrir framan húsið er hellulögð. Rafmagnshiti er í útitröppum. Við verönd er lítið gróðurhús með rafmagni. Húsið að utan er í góðu ástandi, klætt með endingargóðri klæðningu. **Verð 84,9 millj. Húsið stendur á 1.216,0 fermetra eignarlóð á sunnanverðu Arnarnesinu þar sem mikils skjóls nýtur fyrir norðanátt.**

### Túngata 34
**Efri hæð í tvíbýlishúsi**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.15 - 17.45**




105,2 fm. efri hæð í tvíbýlishúsi við Túngötu að meðtaldri 7,1 fm. sér geymslu í kjallara. Hæðin skiptist í hol, rúmgóða stofu, eldhús, 3 herbergi og baðherbergi. Íbúðinni fylgir 19,5 fm. sér íbúðarherbergi í kjallara með aðgengi að salerni, eldhúsi og sturtu, sem eru sameiginleg með neðri hæð hússins. Geymsluris er yfir íbúðinni og er það einangrað. Verið er að skipta um allt gler og glugga í kjallara og verður þeim framkvæmdum lokið fyrir afhendingu eignarinnar. Lóðin er öll afgirt með steyptum veggjum. **Verð 55,0 millj.**

**TRAUSTI fasteignasala**



*Kristján Baldursson hdl.*
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari
867-3040



*Guðbjörg G Sveinbjörnsdóttir*
Sölustjóri. Viðskiptafr. lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

### FROSTAFOLD 179 - SÉRINNGANGUR




**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 7. FEBRÚAR KL.17:30-18:00**

Rúmgóð og vel skipulögð 100,4 fm. endaíbúð á efri hæð í fjórbýli í Foldahverfinu í Grafarvogi. Eignin er 3-4 herbergja með sérinngang. Bílskúrsréttur og afnotaréttur af bílastæði fyrir framan húsið. Fallegt útsýni. Í dag er íbúðin 4ra herbergja. **Verð 38,5 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

**HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA**

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Sléttahraun 25, 220 Hfj.

**Björt 58,2 fm tveggja herbergja íbúð á 2. hæð í góðu vel viðhöldnu fjölbýlishúsi miðsvæðis í Hafnarfirði. Íbúðinni fylgir bílskúr skráður 22,9 fm, samtals stærð því 81,1 fm. Verð 30,5 milljónir**




**Opið hús í dag kl 17.30 til 18.00**
**Allar frekari uppl. veitir Hilmar Þór Bryde sölumaður hjá Hraunhamri fasteignasölu í síma 520-7500, gsm 892-9694, hilmar@hraunhamar.is**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**








Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Magnús Pétursson**
frá Kirkjubæ í Vestmannaeyjum, Ártúni 5, Hellu,

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Lundi 1. febrúar sl. Útförin fer fram frá Oddakirkju miðvikudaginn 8. febrúar kl. 14. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á gjafasjóð Lundar, Hellu.

**Þórdís Guðmundsdóttir**
**Guðmundur R. Gunnarsson** **Guðrún Björnsdóttir**
**Jóel Gunnarsson** **Inga S. Ágústsdóttir**
**Guðrún Bára Magnúsdóttir**
**Pétur Magnússon** **Guðfinna S. Antonsdóttir**
**Þorbjörn Helgi Magnússon** **Erna Adolfsdóttir**
**Einar Magnússon** **Snæbjört Ýrr Einarsdóttir**
**Laufey Magnúsdóttir** **Bjarni Jónasson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Sigþrúður Steffensen**

lést á Landspítala 1. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 8. febrúar kl. 13.

**Árni Ingason** **Anna María Elíasdóttir**
**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir** **Birgir Hermannsson**
**og barnabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*



Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*
Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.
**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

# Langar að leggja okkar af mörkum

**Styrktarsýning verður á leikverkinu Andaðu í Iðnó annað kvöld. Öll innkoma rennur til Landsbjargar, í minningu Birnu Brjánsdóttur, í tilefni söfnunar Fésbókarsíðunnar Góðu systur.**

„Leitin að Birnu og lát hennar snerti okkur öll sem stöndum að sýningunni Andaðu, þótt við héldum okkar striki og ynnum að uppsetningunni í Iðnó meðan á atburðum stóð. Okkur langar að leggja okkar af mörkum og allt sem kemur inn vegna sýningarinnar annað kvöld, miðvikudag, fer því til Landsbjargar. Iðnó gefur sitt og enginn er að taka laun,“ segir Þórey Sigþórsdóttir, leikstjóri leikritsins Andaðu.

„Sýningin fjallar, að hluta til, um hvernig við tökum ábyrgð í lífinu. Það er því vel við hæfi að við tökum eitthvert skref í því að vera góðar manneskjur,“ segir Þórey. „Efnislega er það alveg í anda verksins þó að auðvitað geri maður aldrei nóg.“

Þetta verður 6. sýningin á Andaðu, verðlaunaleikriti eftir Duncan Macmillan. Dóttir Þóreyjar, Hera Hilmarsdóttir, þýddi það og er í öðru hlutverkinu af tveimur, hitt er í höndum Þorvaldar Davíðs Kristjánssonar. „Áhorfendur eru flugur á vegg hjá ungu pari og fylgjast með lífi þess og pælingum,“ segir Þórey. „Við höfum fengið sterk viðbrögð við sýningunni því hún hreyfir við fólki og fær það til að hugsa.“ **gun@frettabladid.is**



**„Vonandi er fólk tilbúið að styðja við Landsbjörgu og njóta leiklistar í leiðinni,“ segir Þórey.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ingibjörg Halldórsdóttir**
frá Króki, Gaulverjabæjarhreppi, Spóarima 5, Selfossi,

lést á Ljósheimum, Selfossi, föstudaginn 3. febrúar.

**Lilja Eiríksdóttir** **Gísli Grétar Magnússon**
**Björn H. Eiríksson** **Arnheiður H. Bjarnadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Ragnar Björnsson**
Rafnkelsstöðum, Garði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 1. febrúar. Útförin fer fram frá Útskálakirkju föstudaginn 10. febrúar kl. 15.

**Guðmundur Kristberg Helgason** **Guðrún Hauksdóttir**
**Sævar Þór Sigurðsson** **Áslaug Jóhannsdóttir**
**Erla Björk Sigurðardóttir** **Jón Helgi Ásmundsson**
**Rafnkell Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar yndislega móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sólveig Björgvinsdóttir**
Herjólfsgötu 40, Hafnarfirði,

lést 31. janúar. Útför hennar fer fram frá Víðistaðakirkju fimmtudaginn 9. febrúar kl. 13.00.

**Björg Jóhannesdóttir** **Sigurður Skagfjörð Steingrímsson**
**Signý Jóhannesdóttir** **Magnús Ingi Óskarsson**
**Sif Jóhannesdóttir** **Ingólfur Arnarson**
**og fjölskyldur þeirra.**



Maðurinn minn, faðir okkar og tengdafaðir,

**Jón Aðalsteinsson**
fyrrverandi yfirlæknir á Sjúkrahúsinu á Húsavík,

verður kvaddur frá Neskirkju, föstudaginn 10. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Landvernd eða hjálparstarf Rauða krossins.

**María Kristjánsdóttir**
**Aðalbjörg Jónsdóttir** **Jóhann Rúnar Sigurðsson**
**Guðrún Jónsdóttir** **Guðmundur Reykjalín**
**Aðalsteinn Jónsson** **Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir**
**Kolbrún Jónsdóttir** **Bjarni Ingibergsson**
**Salbjörg Rita Jónsdóttir** **Pétur Máni Björgvinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Kær eiginmaður, faðir og tengdafaðir,

**Páll Flygenring**
verkfræðingur og fv. ráðuneytisstjóri, Þorragötu 5, 101 Reykjavík,

er látinn.

**Þóra Jónsdóttir**
**Björn Flygenring**
**Kirstín Þ. Flygenring** **Sigurður R. Helgason**
**Elín Flygenring** **Finnbogi Jakobsson**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bára Jónsdóttir**
Engjahlíð 3b, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 21. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði 10. febrúar klukkan 13.00.

**Ingileif R. Vang** **Mourits M. Vang**
**Margeir Reynisson** **Elín Baldursdóttir**
**Anna S. Jónsdóttir** **Guðbjartur Stefánsson**
**Ægir Jónsson**
**Guðbjörg B. Jónsdóttir** **Gunnlaugur Þórsson**
**Hansína G. Jónsdóttir** **Örvar Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## Lokað

Vegna útfarar Guðmundar Péturssonar, fyrrverandi forstöðumanns, verður lokað í dag, miðvikudaginn 8. febrúar, frá kl. 12.30.

KELDUR
**Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM

PANTAÐU SNEMMA OG FÁÐU STEININN
SETTAN UPP TÍMANLEGA FYRIR SUMARIÐ




ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚIN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

**Graníthöllin**
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Gengur í sunnan og suðaustan hvassviðri eða storm í dag. Rigning með köflum, en þurrt og fremur bjart fyrir norðan. Milt í veðri og hiti víða 3 til 8 stig.

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 2° | 3° |
| ↑14 | ↖17 | ↖21 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 6° | 1° |
| ↖21 | ↖21 | ↖29 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | 0° | 4° |
| ↘4 | →5 | ↖15 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 7° | 1° |
| ↖22 | ↖18 | ↖25 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. verkfæri
6. drykkur
8. saur
9. fæðu
11. átt
12. kambur
14. samband
16. spil
17. svif
18. runa
20. frá
21. flatormur

**LÓÐRÉTT**
1. magi
3. strit
4. tónverki
5. svelgur
7. verkfæri
10. viður
13. flík
15. endafjöl
16. geislahjúpur
19. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** haki, **6.** öl, **8.** tað, **9.** mat, **11.** na, **12.** burst, **14.** félag, **16.** ás, **17.** áta, **18.** röð, **20.** af, **21.** agða.
**LÓÐRÉTT: 1.** vömb, **3.** at, 4. kantata, **5.** iða, **7.** laufsög, **10.** tré, **13.** slá, **15.** gafl, **16.** ára, **19.** öð.

### Skák Gunnar Björnsson

Perenyi átti leik gegn Brandics í Búdapest árið 1985.



**Hvítur á leik**

**1. Bg5!! fxg5** (1. ... g1D 2. Bxf6+ Kg8 3. h7+ og mátar) **2. Kg6! 1-0.** Vestfirðingurinn Guðmundur Gíslason fór mjög mikinn og sigraði með fullu húsi á Hraðskákmóti Reykjavíkur sl. sunnudag. Dagur Ragnarsson varð hins meistari hraðskákmeistari Reykjavíkur.

**www.skak.is:** Nóa Síríus-mótið heldur áfram í kvöld.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 8 | 1 | 5 | | | | 9 |
| | 6 | 9 | | | | 5 | | |
| | 2 | | | 3 | | | 7 | |
| | | 6 | 5 | | | 8 | 9 | |
| | | | | 9 | | 6 | | |
| | 1 | 4 | 7 | 8 | | | | 5 |
| | 9 | | | 1 | | | | 6 |
| | | 3 | | | | | | |
| 5 | | | 8 | | 4 | | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 2 | | |
| | | | | | | | | |
| | 9 | 4 | | 2 | 3 | 5 | | |
| | 8 | | 6 | | 9 | | | 1 |
| 5 | 7 | 6 | | | 1 | 9 | | |
| | | 2 | | 8 | 4 | | | 5 |
| | | | 3 | 1 | | | 7 | 2 |
| 7 | | | | 4 | | | | |
| | | 5 | | 7 | 6 | 3 | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 8 | | | | | |
| 5 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| | 3 | 7 | 4 | | | 8 | 1 | |
| | | | | 5 | | | | 8 |
| | 7 | | 9 | | 1 | | | 4 |
| | | 3 | | | | | 9 | 2 |
| | | | 5 | | | 3 | 6 | |
| | | | | | | | | 9 |
| 8 | | 1 | | | 9 | | 2 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 | 7 | 2 | 3 |
| 2 | 5 | 6 | 7 | 9 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 4 |
| 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 1 | 5 | 3 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 5 | 3 | 1 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 1 | 8 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 | 4 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 7 | 9 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 9 | 7 | 3 |
| 7 | 1 | 9 | 6 | 2 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 4 | 2 | 7 | 6 | 5 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 5 | 6 | 8 | 4 |
| 4 | 5 | 6 | 8 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 1 | 8 | 3 | 4 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 |
| 5 | 4 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 | 7 | 9 |
| 8 | 7 | 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 6 | 3 | 2 | 4 | 8 | 1 | 9 | 5 | 7 |

ALUPROF GEZE



Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

Framúrskarandi fyrirtæki 2012 2015

JÁRN&GLER

Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

N1 olís nettó BÓNUS

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI
LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

| | |
|---|---|
| THE BYE BYE MAN (16) ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ | SÝND KL. 8, 10.10 |
| PATRIOTS DAY (16) ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ | SÝND KL. 8, 10.40 |
| Billi Blikk Bíómyndin (L) ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ | SÝND KL. 6 |
| HJARTASTEINN (12) | SÝND KL. 5.20 |
| THE GREAT WALL (12) ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ | SÝND KL. 8, 10.15 |
| SYNGDU (L) ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ | SÝND KL. 5.40 - ísl tal |

SAMBÍÓIN SAMbio.is

14 ÓSKARSTILNEFNINGAR
m.a. Besta mynd
Besti leikari í aðalhlutverki - Ryan Gosling
Besta leikkona í aðalhlutverki - Emma Stone
Besti leikstjóri - Damien Chazelle
7 GOLDEN GLOBE VERÐLAUN M.A. BESTA MYND
LA LA LAND ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
THE GUARDIAN EMPIRE HOLLYWOOD REPORTER

EVIL IS REBORN rings ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ Horfðu ef þú þorir!

xXx RETURN OF XANDER CAGE VIN DIESEL ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

ROGUE ONE A STAR WARS STORY ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

Ben Affleck, Elle Fanning, Zoe Saldana, Chris Cooper LIVE BY NIGHT ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| RINGS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 - 10:40 |
| RINGS VIP | KL. 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 - 10:20 |
| LA LA LAND VIP | KL. 5:20 - 8 |
| XXX 3 | KL. 8 - 10:40 |
| MONSTER TRUCKS | KL. 5:40 |
| SYNGDU ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| ROGUE ONE 2D | KL. 8 - 10:40 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 8 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| RINGS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 - 10:20 |
| XXX 3 | KL. 8 - 10:40 |
| LIVE BY NIGHT | KL. 10:40 |
| MONSTER TRUCKS | KL. 5:40 |
| ROGUE ONE 2D | KL. 8 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 6:20 - 8 - 9 - 10:40 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ Í DAG

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| RINGS | KL. 8 - 10:20 |
| LA LA LAND | KL. 8 |
| XXX 3 | KL. 10:40 |
| MONSTER TRUCKS | KL. 5:30 |
| SYNGDU ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| RINGS | KL. 8 - 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 |
| XXX 3 | KL. 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |


# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

### 7. FEBRÚAR 2017

### Tónlist

**Hvað?** Tanya Tagaq
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Kanadíska tónlistarkonan Tanya Tagaq heldur tónleika á Húrra í kvöld. Hún er margverðlaunuð fyrir tónlist sína og hlaut m.a. Polaris-verðlaunin fyrir bestu kanadísku plötuna 2014 fyrir plötuna Animism. Hún sérhæfir sig í hálssöng (e. throat singing) að hætti frumbyggja Ameríku. Miðaverð er 2.000 kr. og húsið opnað kl. 20.

### Viðburðir

**Hvað?** Sigríður Hagalín kemur í heimsókn
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Frumraun Sigríðar Hagalín Björnsdóttur, fréttamanns á RÚV, sem rithöfundur kom eftirminnilega á óvart og hlaut hún einróma lof fyrir fyrstu bók sína Eyland. Sigríður verður gestur Bókasafns Seltjarnarness í kvöld.

**Hvað?** Tengsl Íslands og Kína í gegnum tíðina
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðarbókhlaðan
Fyrirlestraröð Landsbókasafns Íslands – háskólabókasafns, Konfúsíusarstofnunar og KÍM heldur áfram í hádeginu í dag. Þá mun Ólafur Egilsson, sendiherra Íslands í Peking 1998-2002, flytja erindi sem ber heitið Tengsl Íslands og Kína í gegnum tíðina.

**Hvað?** Erindi á vettvangi U3A: Listin að lifa saman – fjölmenning
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Hæðargarði 31
Anna Lára Steindal hefur um árabil starfað með innflytjendum, flóttafólki og hælisleitendum á Íslandi og víðar, m.a. sem verkefnisstjóri mannréttindamála hjá Akraneskaupstað og sem verkefnastjóri hjá Rauða krossi Íslands. Í erindinu mun hún ræða hvernig finna megi punktinn í íslenskri tilveru þar sem allir konar og ólíkir einstaklingar hefja samstarf. Aðgangseyrir er 500 krónur og allir eru velkomnir.



Sigríður Hagalín Björnsdóttir mætir í Bókasafn Seltjarnarness í kvöld til að lesa upp og spjalla. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Hvað?** Fögnum breytingum og styðjum hvert annað
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Friðarhús, Njálsgötu
DíaMat heldur díalektíska „messu“ í dag, Ólafur Grétar Gunnarsson fjölskylduráðgjafi hefur framsöguna Fögnum breytingum og styðjum hvert annað.

**Hvað?** Maður í mynd: Myndefnið í minningunum um Jón forseta
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Ketilhúsið, Akureyri
Í dag heldur Páll Björnsson, prófessor í sagnfræði og nútímafræði við Háskólann á Akureyri, Þriðjudagsfyrirlestur í Listasafninu, Ketilhúsi, undir yfirskriftinni Maður í mynd: Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Höfundakvöld með Dorthe Nors
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Norræna húsið
Dorthe Nors (f. 1970) er danskur rithöfundur og þýðandi. Fyrsta skáldsaga hennar Soul kom út árið 2001. Í kjölfarið fylgdu fleiri skáldsögur, smásagnasöfn og eitt ljóðasafn. Smásögur hennar hafa verið birtar í nokkrum bandarískum tímaritum eins og The New Yorker og Harper's Magazine. Gísli Magnússon, lektor í dönsku við HÍ, stýrir umræðu sem fer fram á dönsku. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Nám í tvískiptu kerfi iðnmenntunar: Hvað lærist í skóla og hvað á vinnustað?
**Hvenær?** 16.20
**Hvar?** Menntavísindasvið Háskóla Íslands við Stakkahlíð
Námsbraut um kennslu í framhaldsskólum og Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs við Háskóla Íslands boða til funda um rannsóknir á framhaldsskólastarfi. Erindin eru að jafnaði um 20 mínútur og jafnlangur tími er ætlaður til umræðna. Erindin eru flutt á íslensku nema annað sé tekið fram.

**Hvað?** MS fyrirlestur í næringarfræði
**Hvenær?** 13.30
**Hvar?** Háskóli Íslands, Eirberg, Eiríksgötu
Helga Guðrún Friðþjófsdóttir mun halda opinn fyrirlestur um MS-verkefni sitt: Fæðuval ungra Íslendinga með geðrofssjúkdóma og þróun líkamsþyngdar þeirra á 12 mánaða tímabili.

**Hvað?** Fyrirlestur: Migration, Identity and Crisis
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskólatorg, Háskóla Íslands
dr. Marek Pawlak heldur fyrirlestur á Háskólatorgi í dag.

**Hvað?** Fyrirlestur: Developing Good Practice:
Human Resource Management for Dementia Friendly Workplaces
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Stapi, Háskóla Íslands
Rannsóknasetur og námsbraut í fötlunarfræðum bjóða upp á fyrirlestur dr. Jannine Williams um fjölbreytileika í fyrirtækjum.

**Hvað?** MS fyrirlestur í matvælafræði
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Matís, Vínlandsleið
Snorri Karl Birgisson mun halda opinn fyrirlestur um rannsóknaverkefni sitt: Hringormar - Efna-og eðlisfræðilegir eiginleikar hringorma í Atlantshafsþorski. „Physicochemical properties of nematodes found in the Atlantic cod (Gadus morhua)“.

Góða skemmtun í bíó

ÚTSALA!
ARGH!!! 040117 #3
ROYAL CORINNA 120
Hágæða millistíf fimm-svæða skipt heilsudýna með poka-gorma kerfi ásamt botni og fótum. (Stærð 120x200 cm)
6.324 kr.* Á MÁNUÐI
FULLT VERÐ 98.036 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 68.625 kr.
30% AFSLÁTTUR!
rekkjan HEILSURÚM
(*Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)

Ísbúðin HAFÍS Ógleymanleg upplifun
Íslenskur ís með ítalskri hefð
Komdu og fáðu rjómaís og laktósafrían vegan ís
Bæjarhrauni 2 | Hafnarfirði | Sími: 4370000 | hafis@hafis.is

BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Moonlight 17:30, 20:00, 22:30
Besti Dagur Í Lífi Olli Maki 17:30
Hacksaw Ridge 17:30
Paterson 20:00, 22:30
Elle 20:00
Lion 22:30









**Vala Kristín Eiríksdóttir og Vilhelm Anton Jónsson í miklu stuði í hlutverkum sínum í Vísindasýningu Villa.** MYND/GRÍMUR BJARNASON

# Vísindamall sem nær aldrei suðupunkti

LEIKHÚS

## Vísindasýning Villa

★★★☆☆

**Höfundar: Vilhelm Anton Jónsson, Vala Kristín Eiríksdóttir og Vignir Rafn Valþórsson**

**Borgarleikhúsið – Litla sviðið**

**Leikarar:** Vilhelm Anton Jónsson og Vala Kristín Eiríksdóttir
**Leikstjórn:** Vignir Rafn Valþórsson
**Leikmynd og búningar:** Sigríður Sunna Reynisdóttir
**Lýsing og myndband:** Magnús Helgi Kristjánsson
**Tónlist:** Vilhelm Anton Jónsson
**Hljóð:** Garðar Borgþórsson
**Leikgervi:** Margrét Benediktsdóttir

Á síðastliðnum árum hefur Vísinda Villi víkkað huga fjölmargra barna með tilraunum sínum og komið sér vel fyrir í hjörtum þeirra. Hann hvetur börn en ekki síður fullorðna að vera ávallt forvitin og að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn. Nú er Villi mættur á Litla svið Borgarleikhússins að kynna okkur frekar fyrir ótrúlegum heimi vísindanna og fær að þessu sinni hjálp úr óvæntri átt ...

Vilhelm Anton Jónsson er fjölhæfur listamaður og hlýr sem nær áhorfendum á sitt band frá fyrsta lagi sem hann framkallar úr rafmagnsgítarnum. Vala Kristín Eiríksdóttir villist inn í sýninguna eftir að hafa heillast af tónlistinni en hún er að æfa sitt eigið leikrit. Samvinna þeirra á sviðinu er hin fínasta þar sem góð kómísk tímasetning Völu og smitandi einlægni Villa blandast skemmtilega saman.

Því miður, eins og með svo margar sýningar á þessu leikári, er handritið hvorki sannfærandi né nægilega vel unnið. Hugmyndir eru útskýrðar frekar en framkallaðar á sviði. Alltof mörgum vísunum er hent fram án úrvinnslu og stöðug notkun á orðinu „mónólóg“ var þreytandi, sérstaklega þegar fallegri íslensk orð á borð við „einræða“ og „eintal“ eru í boði.

Eftirfarandi þráður í handritinu er gott dæmi: Æðsti draumur Völu er að syngja ástardúett úr kvikmyndinni Moulin Rouge! en hana vantar sárlega söngfélaga. Spurningin er þessi: Hvað er langt söngatriði með samansettu lagi úr fimmtán ára gamalli bíómynd að gera í barnasýningu árið 2017? Bæði er Elephant Love Medley einstaklega erfitt í söng, sem þau bæði rétt komast í gegnum, og passar alls ekki inn í sýninguna. Hugmyndin um stórt söngatriði er góð en úrvinnslan afleit.

Leikstjórinn Vignir Rafn Valþórsson hefði betur sýnt meira af töfrum vísindanna og leikhússins frekar en að segja frá þeim. Margt er samt sem áður mjög gott s.s. atriði þar sem Villi reynir að rata í rétta lýsingu og endar einn í vonskuveðri. Líka þegar klósettrúlla vekur gríðarlega kátínu meðal yngstu áhorfendanna, þarna voru þau hjartanlega boðin velkomin á alvöru vísindasýningu með hörkustuði. Tónlistin er valin af Villa sjálfum en er ekki nægilega vel komið fyrir innan sýningarinnar.

Sigríður Sunna Reynisdóttir hannar bæði búningana og leikmyndina af skarpskyggni og uppfinningasemi. Krítartöflurnar þjóta um sviðið, leynihólf eru framkölluð og Rube Goldberg maskínan er afburðasnjöll smíði. Þá eru flestir búningar og hröð búningaskipti Völu augnakonfekt. En af hverju þurfti tilraunajakkinn hennar endilega að vera aðþrengdur? Myndbandavinna Magnúsar Helga á lokametrunum er sérlega góð en hún er svolítið samhengislaus ef myndirnar af fólkinu sem er varpað á leikmyndina eru ekki útskýrðar. Sömuleiðis er lýsingin bæði fjölbreytt og faglega framsett.

Öll grunnefni eru fyrir hendi í Vísindasýningu Villa og á blaði hefur sýningin alla burði til að sprengja skemmtunarskalann. En eins og hálfkláruð Goldberg vél þá höktir handritið alltof mikið til að sýningin gangi nægilega vel upp. Aftur á móti þegar Vísindasýning Villa hrekkur í gang þá er hún hin besta skemmtun.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Prýðilegasta skemmtun þrátt fyrir gloppótt handrit.


2 MARAÞON
NOW
Alltaf eitthvað nýtt
CHAPTER
JOHN 2 WICK
KEANU REEVES
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ
STÖÐ 2 MARAÞON NOW
FYRIR 10. FEBRÚAR
OG ÞÚ FÆRÐ 2 BÍÓMIÐA
Á JOHN WICK*
Stöð 2 Maraþon NOW er ný streymisveita fyrir
snjallsíma, spjaldtölvur, Apple TV og vefspilara.**
2.990 KR. Á MÁNUÐI
365
2now.is
*Miðar verða afhentir miðvikudaginn 15. febrúar í Skaftahlíð 24.
**Þjónustan er einnig aðgengileg á myndlyklum Símans.

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Ærslagangur Kalla kanínu og félaga
**07.45** The Middle
**08.10** Mike & Molly
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Drop Dead Diva
**10.20** The Doctors
**11.00** First Dates
**11.50** Suits
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.20** American Idol
**15.00** American Idol
**16.20** American Idol
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda sem sitja heima í stofu.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Anger Management
**19.40** The Mindy Project
**20.05** Humans Önnur syrpan af þessum bresku þáttum sem byggðir eru á sænskri spennuþáttaröð. Þættirnir gerast í heimi þar sem vélmenni eru notuð sem þjónar á heimilum en erfitt getur verið að greina á milli hverjir eru mennskir og hverjir ekki.
**20.55** Timeless
**21.40** Lucifer
**00.20** Nashville
**01.05** Pure Genius
**01.50** Grey's Anatomy
**02.35** The Heart Guy Ástralskir þættir sem fjalla um rísandi stjörnu í skurðlækningum sem á framtíðina fyrir sér í lífi og starfi. Þar til ósköpin dynja yfir og hann þarf að söðla um og sætta sig við líf úti á landi á litlu sjúkrahúsi með enga framtíð í skurðlækningum. Fljótlega kemur þó í ljós að staðurinn er uppfullur af freistingum sem erfitt getur verið að standast.
**03.20** Legends
**04.05** Covert Affairs
**04.50** NCIS

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Messan
**08.30** Premier League
**10.10** Premier League
**11.50** Messan
**13.20** Premier League
**15.00** Premier League
**16.40** Premier League
**18.20** Þýski boltinn
**20.00** Þýsku mörkin
**20.30** Premier League Review
**21.25** Spænski boltinn
**23.05** Spænski boltinn
**00.45** Spænsku mörkin
**01.15** Premier League Review

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.10** Domino's-deild kvenna
**08.50** Domino's-deild kvenna
**10.30** Spænski boltinn
**12.10** Spænski boltinn
**13.50** Þýski boltinn
**15.30** Domino's-deild karla
**17.05** Domino's-deild karla
**18.45** Domino's-körfuboltakvöld
**20.25** Formúla E
**22.10** Premier League
**23.50** Premier League World

## STÖÐ 3

**17.30** Married
**17.55** Raising Hope
**18.20** The Big Bang Theory
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.40** Heilsugengið
**20.15** Mayday
**21.00** Last Man Standing
**21.25** Schitt's Creek
**21.50** Salem
**22.35** The Wire
**23.35** Klovn
**00.05** The Mentalist
**00.45** Last Man Standing
**01.10** Schitt's Creek
**01.30** Salem
**02.15** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Víkingurinn Viggó
**10.13** Zigby
**10.27** Latibær
**10.49** Mæja býfluga
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Strumparnir
**13.22** Hvellur keppnisbíll
**13.34** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**13.46** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Víkingurinn Viggó
**14.13** Zigby
**14.27** Latibær
**14.49** Mæja býfluga
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Strumparnir
**17.22** Hvellur keppnisbíll
**17.34** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**17.46** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Víkingurinn Viggó
**18.13** Zigby
**18.27** Latibær
**18.49** Mæja býfluga
**19.00** Vaski grísinn Baddi

## GOLFSTÖÐIN

**08.35** PGA Highlights
**09.30** Omega Dubai Desert Classic
**14.00** Waste Management Phoenix Open
**18.00** Golfing World 2017
**18.50** Waste Management Phoenix Open
**22.50** Golfing World 2017
**23.40** 2016 PGA TOUR Year in Review

## BÍÓSTÖÐIN

**11.05** Paper Towns
**12.55** Admission
**14.40** Make Your Move
**16.30** Paper Towns Dramatísk bíómynd frá árinu 2015 sem fjallar um Quentin og Margo, nágranna hans, sem elskar glæpasögur svo mikið að hún verður hluti einnar slíkrar. Margo hverfur sporlaust eftir hafa farið með Quentin í næturlangt ævintýri í heimabæ þeirra. Hún skilur eftir sig torræðar vísbendingar fyrir Quentin til að leysa, og leitin leiðir hann af stað í hörkuspennandi ævintýraför sem er hvort tveggja í senn bráðfyndin og hjartnæm.
**18.20** Admission
**20.10** Make Your Move
**22.00** Snitch Spennumynd frá 2013 með Dwayne Johnson, Barry Pepper, Jon Bernthal og Susan Sarandon í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á sönnum atburðum og fjallar um vörubílstjóra sem leggur allt í sölurnar til að bjarga unglingssyni sínum frá því að lenda í fangelsi fyrir dópsölu.
**23.55** Seventh Son
**01.35** Love Is Strange
**03.10** Snitch

## RÚV

**16.00** Íslendingar
**17.00** Downton Abbey
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Hopp og hí Sessamí
**18.25** Hvergi drengir
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Örkin
**20.40** Cuckoo
**21.15** Castle
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Horfin
**23.20** Spilaborg
**00.05** Hulli
**00.25** Kastljós
**00.55** Dagskrárlok (98)

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Life Unexpected
**09.50** Judging Amy
**10.35** Síminn + Spotify
**13.35** Dr. Phil
**14.15** The Good Place
**14.40** No Tomorrow
**15.25** American Housewife
**15.45** Your Home in Their Hands
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Black-ish
**20.15** Jane the Virgin
**21.00** Code Black
**21.45** Madam Secretary
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Californication
**00.20** CSI: Cyber
**01.05** Chicago Med
**01.50** Bull
**02.35** Code Black
**03.20** Madam Secretary
**04.05** The Tonight Show
**04.45** The Late Late Show
**05.25** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





HEIMILI HBO

**BEWARE THE SLENDERMAN**

Ótrúleg heimildarmynd um tvær tólf ára stúlkur sem myrtu bestu vinkonu sína á hrottalegan hátt árið 2014. Við játningu sögðust þær hafa framið ódæðið fyrir tilstuðlan manns sem þær kynntust á netinu og gekk undir nafninu Slenderman.

ÞRÆLGÓÐUR
**ÞRIÐJUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**HUMANS**

Þættirnir gerast í heimi þar sem vélmenni eru notuð sem þjónustufólk á heimilum en erfitt getur verið að greina á milli hverjir eru mennskir og hverjir ekki.



**TIMELESS**

Stórskemmtilegir spennuþættir um þríeyki sem ferðast aftur í tímann og freistar þess að koma í veg fyrir þekkta glæpi sögunnar og þar með gjörbreyta heimssögunni eins og við þekkjum hana.



**LUCIFER**

Stórskemmtileg sería um hinn illa Lucifer sem snýr aftur en hann vill verða betri maður en áður. Hann kynnist Ellu Lopez og þá breytist allt.



**SNITCH**

Spennumynd, byggð á sönnum atburðum, um vörubílstjóra sem leggur allt í sölurnar til að bjarga unglingssyni sínum frá því að lenda í fangelsi fyrir dópsölu.



**THE WIRE**

Önnur serían í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.



Krakka stöðin

**VASKI GRÍSINN BADDI**

Skemmtileg bíómynd um vaska grísinn Badda.



©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# IVECO BUS

## SKÓLABÍLAR • ÁHAFNARRÚTUR • FERÐAMANNARÚTUR






## IVECO DAILY MINIBUS

**Fáanleg með 16–22 farþegasætum.**
**Algeng útfærsla er fyrir 19 farþega.**

Frábærlega útfærð og hönnuð smárúta frá Iveco Bus. Ein öflugasta bifreiðin í flokki rúta með 6.500 kg heildarþyngd státar af sterkum undirvagni, mjúkri og sterkri fjöðrun og einstökum aksturseiginleikum. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Þægindi farþega eru í fyrirrúmi og stórir gluggar auka á það, góð loftræsting og þægileg hljóðvist. Hægt er að panta rútuna með fjölbreyttri sætaskipan og breiðu úrvali aukahluta. Mikið er lagt upp úr öryggi farþega og uppfylla allar smárútur frá Iveco Bus ýtrustu öryggiskröfur og Evrópustaðla svo sem ECE 66*.



## IVECO DAILY TOURIST COACH

**Fáanleg með 20-31 farþegasæti.**
**Algeng útfærsla er fyrir 27 farþega.**

Afburða vel útfærð smárúta sem tekur allt að 31 farþega og er á einstöku verði. Undirvagninn er Iveco Daily 70C sem leyfir heildarþyngd allt að 7,2 tonnum. Yfirbygging er úr trefjaplasti og stoðgrind úr ryðfríu stáli. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Rúmgóðar farangursgeymslur, björt og rúmgóð yfirbygging og fjölbreytt úrval afþreyingarkerfa einkenna þessa bíla. Mikið er lagt upp úr nýjustu tækni og góðri aðstöðu fyrir ökumann. Daily Tourist Coach er fullbúin eftir ýtrustu öyggiskröfum og uppfyllir alla Evrópustaðla svo sem ECE 66*.

*Öryggispróf og staðall þar sem áhersla er lögð á styrk yfirbyggingar við veltu.

FENIKSBUS®

IVECO BUS

Allar nánari upplýsingar fást hjá sölufulltrúa í síma 575 1200 / 825 5215 / sveinnm@bl.is

IVECO BUS - Kauptúni 1 - Sími 575 1200 - www.bl.is



**Audi SQ5 quattro**
3.0TDi 313 Hö

Ekinn 26.000

2015 **9.540.000** KR

A · D · 4x4

Panorama sólþak. Fine Nappa leður. 21" álfelgur. "Star design". Dráttarkúla. Audi drive select. rafdrifin opnun/lokun á afturhlera. lyklalaust aðgengi. Bluetooth símkerfi. hraðastillir. nálgunarvarar í stuðurum. Symphony hljómtæki. dökkar rúður

Raf / Bensín
Ekinn þús. km. 30
Myndir á vef
Dísil
Fjórhjóladrif 4x4
Metan & bensín ECO
Sjálfskiptur A
Beinskiptur
Rafmagnsbíll

**Margar stærðir, fleiri litir.**

Fleiri tilboðsbílar og myndir á netinu: hnb.is



**VW Jetta Higline**
1.4TSI
2014 **2.990.000** KR
21 · A



**VW Polo Trendline**
1.0 MPI
2015 **1.990.000** KR
29



**Mitusbishi Outlander**
Intense 2.2 DID
2015 **4.990.000** KR
49 · D · A



**Toyota Hilux Double Cab**
3.0TDI
2015 **7.790.000** KR
22 · D · A · 4x4



**Audi A4 Avant**
2.0 TDI
2012 ~~3.790.000~~ KR
TILBOÐ **3.340.000** KR
56 · D · A



**BMW X5**
3.0D E70
2008 ~~4.790.000~~ KR
TILBOÐ **3.990.000** KR
119 · D · A · 4x4

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040

Volkswagen · ŠKODA · MITSUBISHI MOTORS






**Strákarnir á bak við Bad Melody eru fæddir á árunum 1995 og 1996.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vilja ekki að fólk festist inni í bílskúr

Það er víst hægara sagt en gert að stofna hljómsveit en nýverið kom út app sem auðveldar fólki ferlið. Það eru fjórir ungir menn, fæddir á árunum 1995 og 1996, sem bjuggu til forritið sem kallast Band Up.

Hugmyndin að smáforritinu Band Up kviknaði hjá Arngrími Braga Steinarssyni, framkvæmdastjóra Bad Melody sem gefur smáforritið út. Arngrímur hafði flakkað á milli skóla í leit að mögulegum hljómsveitarmeðlimum í tæp tvö ár. „Ég fann engan sem hentaði nógu vel fyrir hljómsveitina sem ég hafði í huga. Fyrir tilviljun lentum við fjórir saman í hóp í frumkvöðlafræði í FG, en sá áfangi snýst um að framleiða vöru, stofna fyrirtæki og kynnast rekstri fyrirtækja,“ segir Arngrímur sem stofnaði fyrirtæki í kringum Band Up með þeim Auðuni Kvaran, Jóni Agli Hafsteinssyni og Páli Gestssyni.

„Þegar Arngrímur sagði okkur frá því hversu erfitt það er að stofna hljómsveit fór ekki á milli mála að við myndum reyna að leysa þetta vandamál og gera vöru úr því. Við komumst fljótt að því að smáforrit væri besta lausnin þar sem nánast allir ganga um með nettengda síma í vasanum,“ segir Auðunn.

Enn sem komið er fæst Band Up bara fyrir síma með Android-stýrikerfi. „Við erum með um 300 notendur en búumst við margfalt fleiri notendum þegar iOS-útgáfa kemur út.“

Smáforritið er enn í þróun en hefur þó slegið í gegn hjá notendum. „Við höfum fengið góð viðbrögð frá notendum hingað til. Við eigum svo eftir að bæta við nokkrum fleiri möguleikum í appið til þess að það gagnist sem flestum – til að mynda verður hægt að nota það til að fá stuðning frá tónlistar- og hljóðfæraverslunum og einnig verður hægt að auglýsa tónleika í Band Up.“

**ÞÚ ÞARFT EKKI EINU SINNI AÐ STÍGA FRAM ÚR RÚMINU TIL AÐ STOFNA HLJÓMSVEIT.**

„Að hrista upp í tónlistarlífinu hér á landi,“ segir Auðunn aðspurður um markmiðið með forritinu. „Við viljum að það sé auðvelt fyrir tónlistarfólk að stofna hljómsveitir og nýta hæfileika sína til fulls. Við viljum ekki að fólk festist í að spila heima inni í bílskúr eða á rúmstokknum.“




Strákarnir hjá Bad Melody hafa orðið varir við að þetta er algengt vandamál, að fólk vilji komast í hljómsveit en eigi erfitt með að finna aðra hljómsveitarmeðlimi. „Við höfum rekist á margt fólk sem glímir við þetta vandamál. Við höfum meira að segja rekist á fólk sem hreinlega vissi ekki að það væri að glíma við þetta vandamál – fólk sem kannski var ekkert að pæla í að spila með öðrum fyrr en það frétti af Band Up og hversu auðvelt það væri að koma sér í hljómsveit í gegnum appið,“ segir Arngrímur sem er í fimm hljómsveitum.

Núna hafa tónlistarunnendur sem vilja spila í hljómsveit enga afsökun fyrir því að láta ekki til skarar skríða. „Þú þarft ekki einu sinni að stíga fram úr rúminu til að stofna hljómsveit. Í gegnum Band Up færðu líka að kynnast fólki sem þú myndir venjulega ekki kynnast, þ.e.a.s. appið tengir fólk algjörlega út frá tónlistaráhuga – ekki út frá því hvar manneskjan er stödd í lífinu,“ segir Arngrímur og tekur bankastjóra og atvinnulausan unglíng sem dæmi. „Það væri ólíklegt að þeir myndu rekast hvor á annan í amstri dagsins og hvað þá stofna hljómsveit saman.“

Áhugasömum er bent á að fylgjast með Bad Melody á vefsíðunni þeirra, www.badmelody.com, en það er ýmislegt spennandi á teikniborðinu hjá þeim.

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# SUZUKI VITARA 4x4GLX DÍSEL

## ÁRGERÐ 2016 – SJÁLFSKIPTIR – LÍTIÐ NOTAÐIR

Komnir aftur í mörgum litum á betra verði

- √ Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð
- √ Allt að 90% fjármögnun
- √ Til í ýmsum litum
- √ Góð endursala
- √ Tökum bíla upp í

## HLAÐNIR ÞÆGINDUM

- √ Panorama þak
- √ Leður/ rúskinn sæti
- √ Bakkmyndavél
- √ Íslenskt leiðsögukerfi
- √ Lyklalaus ræsing og hurðaopnun
- √ Álfelgur
- √ Hraðastillir (Cruise Control)
- √ Bluetooth
- √ USB tengi
- √ Akreina og árekstrarvari
- √ Litað gler
- √ Ofl.

Bílarnir eru eknir á bilinu **25-29** þúsund km.
Ábyrgð gildir frá fyrsta skráningardegi sem er **apríl 2016**.

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið mán-fös 10-18
lau 12-15
kaffi á könnunni

**STÓRA BÍLASALAN**
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Sirrýjar Hallgrímsdóttur




## Nýsósíalismi

Rekstrarumhverfi fjölmiðla hefur versnað síðustu árin vegna aukinnar samkeppni um auglýsingar frá erlendum efnisveitum eins og Google og Facebook. Ríkisrekni fjölmiðillinn þykir líka óþarflega plássfrekur á auglýsingamarkaði.

Staða fjölmiðla á frjálsum markaði virðist vera orðin það erfið að jafnvel ríkustu menn þessa lands telja sig þurfa að biðja almenning um pening til að geta rekið fyrirtækin sín. Eitt dæmi um það er Fréttatíminn sem nú biðlar til almennings, en fjölmiðillinn er meðal annars í eigu Sigurðar Gísla Pálmasonar sem hingað til hefur verið talinn til efnameiri Íslendinga. Það má því tíðindum sæta að hann sé farinn að betla pening af almenningi til að styðja við rekstur sinn. Hinn eigandi miðilsins er Gunnar Smári, ötull talsmaður sósíalista, en hann hefur af miklum eldmóði talað fyrir því að stofnaður verði nýr sósíalistaflokkur hér á landi (næstum af jafn miklum eldmóði og þegar hann vildi að Ísland yrði fylki í Noregi).

Miðað við þessa stöðu má segja að Gunnar Smári sé að innleiða eins konar nýsósíalisma sem gengur út á að almenningur fjármagni fyrirtæki auðmanna. Ætli menn sjái fyrir sér að hægt sé að nota þetta módel fyrir fleiri tegundir mikilvægra fyrirtækja? Þessi hugmynd er mjög spennandi og gaman verður að sjá hvernig til tekst. Segja má að Gunnar Smári sé þannig eins konar Hrói höttur á röngunni, taki við peningum frá fátækum og gefi auðmönnum.

Nokkrar spurningar vakna: hvað ef söfnunin fer fram úr öllum vonum og fyrirtækið verður rekið með hagnaði, rennur arðurinn þá í vasa hluthafanna, ritstjórans og auðmannsins?








